

## Hætt í harkinu

Hrafnhildur Lúthersdóttir, ein besta sundkona heims, er hætt keppni. Hún þurfti sjálf að leggja út fyrir kostnaði vegna þjálfara síns á Ólympíuleikunum í Ríó.

→ 30



FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



**Mistök á spítalanum**  
Fékk nýja sýn á lífið eftir að hún missti heilsuna. → 26



**Tilvalið eftir ræktina**  
Næringarfræðingur leggur línurnar á þorra. → 22



**Hitamál í pottunum**  
Sundlaugar gegna hlutverki félagsmiðstöðva. → 32

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




ALLT AÐ  
**70%**

**ÚTSALA**  
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN  
OPIÐ TIL 18 Í DAG

 SMÁRALIND

## Veður



Róleg norðlæg átt í dag. Léttskýjað á sunnanverðu landinu og léttir einnig til austanlands. Snjócoma eða él fyrir norðan, einkum við ströndina. Frost víða 2 til 10 stig. **SJÁ Síðu 44**

## Náttúruöflin þurfa að hegða sér í sumar

**ALMANNAVARNIR** Viðir Reynisson, verkefnastjóri Almannavarna hjá lögreglunni á Suðurlandi, mun taka leyfi frá störfum í sjö mánuði, frá næstu mánaðamótum, vegna verkefna sem hann mun sinna í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Rússlandi. Viðir hefur verið einn helsti talsmaður lögreglunnar þegar náttúruvá stöðjar að, eins og eldgos, jarðskjálftar eða stórslys.

Verkefni Viðis snúa að undirbúningi fyrir þátttöku Íslands á mótinu, meðal annars að öryggismálum og ferðum íslenska liðsins á milli staða. Hann er þegar búinn að fara eina ferð til Rússlands til að kanna aðstæður.

„Við verðum tvö í þessu verkefni, ég og Aleksandra Wójcicx sem hefur verið með mér í þessum verkefnum undanfarnin ár og var meðal annars með kvennalandsliðinu í Hollandi síðasta sumar,“ segir Viðir.

Aðspurður segist hann ekki óttast að missa af stórra náttúruvá, þegar hann fer í leyfið. „Nei, nei. Við verðum bara að semja við náttúruöflin um að hegða sér vel á meðan ég er í burtu og leyfa okkur að njóta fót-boltans í friði í sumar,“ segir Viðir hlæjandi.

Verkefnum hans hjá lögreglunni á Suðurlandi verður dreift á nokkra starfsmenn, en lögreglustjórinn, Kjartan Þorkelsson, mun halda um stjórnartaumana varðandi almannavarnir á meðan Viðir er frá. – mhh

**Við verðum bara að semja við náttúruöflin um að hegða sér vel á meðan ég er í burtu.**



Viðir Reynisson, verkefnastjóri

## Blótað á Hrafnistu



Bónadagur var í gær og þóririnn því genginn í garð. Von er á fjölmörgum þórrablótum næstu vikur og reið Hrafnista í Reykjavík á vaðið í gær. Þórrablótsgestir gæddu sér þar á ýmsu góðgæti eins og hefð er fyrir og var ekki annað að sjá en að mikil ánægja væri með kræsingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Íslendingnum í Malaga sleppt úr haldi lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Íslensku karlmanni á fertugsaldri, sem Fréttablaðið greindi frá því í gær að hefði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í Malaga á Spáni grunaður um alvarlegt ofbeldisbrot gegn þritugri eiginkonu sinni, hefur verið sleppt úr haldi. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Upplýsingafulltrúi í utanríkisráðuneytinu, staðfesti á fimmtudag að íslenskur karlmaður hefði verið hneppur í gæsluvarðhald í Malaga vegna gruns um alvarlegt ofbeldisbrot. Þá herma heimildir að konan hafi ekki fallið fram af svölum, eins og greint var frá í gær, heldur á milli hæða innanhúss. Konan sé komin til meðvitundar en sé enn á spítala. Batahorfur eru sagðar betri en talið var í fyrstu. – að / þea

# Vill nektarmyndirnar niður af verkstæðum

Iðnaðarmenn álykta um #metoo. Ákall um naflaskoðun, segir framkvæmdastjóri Samiðnar, og hvetur iðnaðarmenn til að horfa gagnrýnum augum á vinnustaðamenningu sína. Umhugsunarefni hversu stutt konur endast í iðngreinum.

**SAMFÉLAG** „Við karlarnir eigum að ganga í að fjarlægja þetta allt saman,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, um almanök af fáklaðum konum sem þrýða marga vinnustaði iðnaðarmanna.

Sambandsstjórn Samiðnar samþykkti ályktun í vikunni í tilefni #metoo-byltingarinnar. Er lögd áhersla á samstillt átak stjórnvalda, verkalyðshreyfingarinnar og atvinnulífsins til að ráðast gegn inngróinni menningu byggðri á mismunun kynjanna í samfélaginu, innan fjölskyldna og á vinnustöðum. Skorad er á aðildarfélag Samiðnar að hafa frumkvæði að virkri þátttöku í umræðunni gegn kynbundnu ofbeldi og kynbundnum vinnumarkaði.

„Við erum í karllægu umhverfi og finnum áherslu á að við karlarnir stígum fram og við erum að beina því inn á við hjá okkur að við tökum þessi mál til skoðunar, í hreyfingunni og inni á vinnustöðum,“ segir Þorbjörn um tilefni ályktunarinnar.

Hann segir umhugsunarefni hve illa konur endast í iðngreinunum. „Þær sem fara í nám og byrja til dæmis í mannvirkjagerð og bifvéla-virkjun endast stutt. Það getur verið eitthvað í okkar vinnustaðamenningu sem konum fellur ekki við, við höfum ekki skoðað það, en það er mjög áhugavert rannsóknarefni.“

Það er mikil karlamenning á þessum vinnustöðum og það getur verið eitthvað í umræðumeningunni og svo náttúrulega þessi almanök af fáklaðum konum á veggjum víða. Allt getur þetta virkað neikvætt á konur,“ segir Þorbjörn.

„Við þurfum að fara í að horfa á umhverfið okkar og spyrja okkur. Er



Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, vill að karlastéttir líti inn á við í tilefni #metoo-byltingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Við þurfum að fara í að horfa á umhverfið okkar og spyrja okkur: Er eitthvað hér sem misþýður konum?**

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar

eitthvað hér sem misþýður konum? Við eigum að taka frumkvæði í þessu, karlarnir.“

Aðspurður segir Þorbjörn nauðsynlegt að fá fleiri konur í iðngreinarnar. „Mér finnst #metoo gefa okkur tækifæri til að fara í naflaskoðun og spyrja okkur hvað við þurfum að laga til að laða fleiri konur að okkar atvinnugreinum.“

Þorbjörn segir marga í hreyfingunni hafa verið hikandi og jafnvel feimna við umræðuna. „Það er dálítið nýtt að karlasamfélagið stigi inn í umræðuna og einhverjir upplifa kannski að umræðan beinist gegn þeim. Mér finnst þetta ákall um að við breytum viðhorfum og ýmsu sem tíðkast hefur. Ég held að við séum ekki með það mikið af karlrembursvínunum í okkar hópi að við getum ekki tekið umræðuna.“

Þorbjörn leggur áherslu á að það skili litlu að dæma fortíðina enda hafi menningin breyst töluvert á síðustu árum.

„Við eigum að læra af fortíðinni en það þýðir litlið að dæma hana. Við eigum hins vegar að reyna að virkja sem flesta til að taka þátt í að breyta.“  
adalheidur@frettabladid.is

12. febrúar í 10 nætur

Bókaðu sól

FUERTEVENTURA

Frá kr.

81.835



Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann

Heimsferðir



**HÚSASMIÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

ÚTSÖLUNNI  
**LÝKUR**  
UM HELGINA

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN Á HUSA.IS



# ÚTSALA

LÝKUR UM HELGINA • LÝKUR UM HELGINA • LÝKUR UM HELGINA • LÝKUR UM HELGINA • LÝKUR UM HELGINA

**LAUFEN**  
**27.925 kr**  
~~39.985 kr~~  
Salerni  
Gólfalarni, 650-360-890 mm.  
Seta sold sér.  
7920000

**30% afsláttur**

**35% afsláttur**

**3.182 kr**  
~~4.895 kr~~  
Áltrappa  
3 þrepa.  
5078775

**HITACHI**  
Inspire the Next

**30% afsláttur**

4 rafhlöður Útvarp Ljós

**22.995 kr**  
~~32.995 kr~~  
Borvélasett 10,8V DS10DAL  
4 rafhlöður, ljós og útvarp. Hersla 35Nm.  
5246791

**25% afsláttur**

**damixa**  
**8.696 kr**  
~~11.595 kr~~  
Handlaugartæki  
Jupiter.  
8000033

blómaval

**ÚTSALA**  
**ALLAR**  
**POTTAPLÖNTUR**

**30-40%**  
**AFSLÁTTUR**



**1.250 kr/m²**  
~~2.289 kr/m²~~

**45% afsláttur**

Harðparket  
8 mm, eikarplanki, bandsagað.  
147071

**JOTUN**  
PERFEKT RESULTAT  
DEKKGARANTI

**LADY**  
INTERIÖR  
VEGG  
MÁLNING

**25% afsláttur**

**6.487 kr**  
~~8.649 kr~~  
Lady Vegg 10, 3 ltr.  
Hágæða innanhúss vegg-  
málning í gljástigi 10%.  
7122223

**BLACK&DECKER**

**33% afsláttur**

**5.995 kr**  
~~8.995 kr~~  
Höggborvél  
500W, 13 mm patróna.  
5245599

**HUNDA**  
**KYNNING**

Kynning verður á hundategund-  
inni Silky Terrier í gæludýradeild  
Blómavals í Skútuvogi. Hægt verður  
að hitta þar hunda og eigendur  
þeirra á milli kl. 13 og 16 og fræðast  
um þessa skemmtilegu smáhunda.



Á sama tíma verður kynning á Yupp  
feldvörum fyrir hunda og ketti,  
**20% kynningarafsláttur** af  
Yupp hunda og kattasjampói  
í Skútuvoginu.

**Í DAG**




Byggjum á betra verði

ÚTSALAN ER LÍKA  
Í VEFVERSLUN HUSA.IS



Afsláttir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „fagsta lóga verð Húsasmiðjunnar“ og tilbodsörum.  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TÖLUR VIKUNNAR 14.01.2018 TIL 20.01.2018



1.176,5

þúsund tonn var afli íslenskra skipa árið 2017 sem er 107 þúsund tonnum meiri afli en landað var árið 2016. Aukið aflamagn á milli ára má nær eingöngu rekja til meiri loðnu og kolmunnaaflla.

16

leituðu til barna- og unglingageðdeildar Landspítala í fyrra vegna kynáttunarvanda. Yngstu börnin sem leita þangað eru ekki orðin kynþroska. Fullorðnum einstaklingum sem leita til transteymis á geðsviði fjölgar líka.

47%

mála sem skráð eru til meðferðar á ákærsviði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru vegna brota á umferðarlögum og 21% vegna annarra sérreftslagabrota. Tæplega 25% mála eru vegna brota á hegningarlögum. 8% eru vegna verkefna sem ekki eru lögbrot.



400

sett af nýrri sænskri þýðingu á Íslendingasögum í fimm bindum fengu sænsk stjórnvöld frá Íslendingum í tengslum við opinbera heimsókn forseta-hjónanna til Svíþjóðar.



79%

fyrirtækja á Íslandi notuðu samfélagsmiðla í fyrra sem er hæsta hlutfall í Evrópu. 77% fyrirtækja voru með samskiptasíður, 17% með vefsíður til að deila margmiðlunarefni, 16% með blogg síður/tilkynningasíður og 3% með wiki-síður.



ICELAND AIRWAVES

57

milljóna króna tap var á rekstri tónlistarhátiðarinnar Iceland Airwaves árið 2016. Seglin voru þess vegna dregin saman í fyrra.

## Þrír í fréttum Þrenna, háspenna og næturvakt

### Albert Guðmundsson

knattspyrnumaður

varð fyrsti leikmaðurinn til að skora þrennu fyrir íslenska landsliðið í fimm ár þegar það vann 4-1 sigur á U-23 ára liði Indónesíu í vináttulandsleik í Djakarta. Albert er tíundi leikmaðurinn sem skorar þrennu fyrir íslenska A-landsliðið.



### Haraldur L. Haraldsson

bæjarstjóri í Hafnarfirði

sagði ýmsar ástæður fyrir því að þriðjungur þeirra lóða sem Hafnarfjarðarbær úthlutaði í öðrum áfanga Skarðshlíðarhverfis hefði verið skilað, til dæmis fjármögnunarmáli og háspennulínu þvert yfir hverfið. Ellefu lóðum af 32 hefur verið skilað. Bæjarstjórinn kvaðst hafa heyrt af einum sem var í óvissu um hvenær háspennulínurnar færu.



### Garðar Svansson

fangavörður á Kviabryggju

var eini fangavörðurinn á vaktinni þegar hann fékk heilablóðfall. Hann sagði fangaverði itrekað hafa bent á hættuna af því að hafa aðeins einn vörð á næturvakt í fangelsum. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, sagði það ekki að ástæðulausu að endurtekið hefði verið óskað eftir auknu fjármagni til rekstrar.



# Skipan dómara í Landsrétt hratt af stað dómínóáhrifum

Mikil tilfærsla varð á héraðsdómurum eftir áramótin. Fimm héraðsdómarar fóru þess á leit að vera fluttir til í starfi. Þorsteinn Davíðsson farinn frá Héraðsdómi Norðurlands eftir tíu ár. Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar segir mikilvægt að auka hreyfanleika. Fordæmalaust að svo margar stöður séu lausar á sama tíma.

**DÓMSTÓLAR** Skipan dómara í Landsrétt varð til þess að fimm héraðsdómarar fóru þess á leit að vera fluttir til í starfi, en eftir þrjú ár í starfi geta dómarar óskað eftir flutningi. Fimm af þessum sex dómurum færðu sig um set nú í upphafi ársins en einn síðastliðið haust.

Þorsteinn Davíðsson hefur fært sig frá Héraðsdómi Norðurlands eystra til Héraðsdóms Reykjaness en hann hefur verið dómari á Norðausturlandi í tíu ár, frá því 1. janúar 2008. Halldór Björnsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 2008, hóf störf við Héraðsdóm Norðurlands eystra um áramótin.

Hildur Briem, fyrrverandi dómstjóri Héraðsdóms Austurlands, óskaði eftir flutningi til Héraðsdóms Reykjavíkur en hún var skipuð dómari fyrir austan haustið 2010.

Ingimundur Einarsson, fyrrverandi dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, sem þar hefur verið dómari frá desember 2006, færði sig til Héraðsdóms Reykjaness, líkt og Þorsteinn. Þá hefur Ólafur Ólafsson, fyrrverandi dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands eystra hafið störf við Héraðsdóm Austurlands, en hann var skipaður dómari fyrir norðan árið 1992.

Þessum fimm dómurum til viðbótar færði Sigríður Elsa Kjartansdóttir, dómstjóri Héraðsdóms Vestfjarða, sem skipuð var dómari í september 2013, sig í Héraðsdóm Reykjavíkur þegar Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari varð forseti Landsréttar síðastliðið haust.

„Héraðsdómarar eiga rétt á að skipta um starfsvettvang, eftir þrjú



Unnið er að skipun nýs dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ár í starfi,” segir Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar. Það gerist þegar dómari hættir sökum aldurs eða hverfur frá störfum. Ólöf segir að þá skapist svokallaður flutningsréttur, en boð um slíkt sé sent á alla dómara. „Þetta er til að auka hreyfanleika í kerfinu sem er mjög mikilvægt,” útskýrir Ólöf.

» Eftir þrjú ár í starfi geta dómarar óskað eftir flutningi.

Þórður S. Gunnarsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 2012, lætur af störfum vegna aldurs á næstu dögum, en hann verður sjötugur á

þriðjudag. Ólöf segir að hæfnisnefndin sé að ljúka þeirri vinnu að skipa í lausa stöðu við réttinn. Sá dómari mun, þrátt fyrir þessar tilfærslur, taka sæti í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ólöf segir það fordæmalaust að svo margar stöður séu lausar á sama tíma. Skipan dómara í Landsrétt skýri það. [baldurg@frettabladid.is](mailto:baldurg@frettabladid.is)

## Vagnar bíða á hafnarbakkanum í Kína

**SAMGÖNGUR** „Þeir bíða á hafnarbakkanum í Kína og innflytjandinn er að vinna í að koma þeim um borð í skip,” segir Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., um rafmagnsvagnana sem keyptir hafa verið.

Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um voru keyptir níu rafmagnsvagnar í fyrra en afhending þeirra hefur dregist verulega eftir að prófanir leiddu í ljós að styrkja þyrfti burðarvirki vagnanna til að þola hraðahindranafjöld höfuðborgarsvæðisins. Upphaflega áttu fyrstu fjórir að koma í júní en nú stýttist í þá. Hinir fimm eru væntanlegir um mitt ár.

„Ég veit ekki hvort það er satt en innflytjandinn grínadist með að það væri svo mikill innflutningur vegna netverslunar frá Kína að hann fengi ekki pláss,” segir Jóhannes.

Strætó mun verja 300 milljónum í kaup á nýjum vögnum í ár en margir vagnar núverandi flota eru komnir



Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó.

til ára sinna. Tveir elstu þeirra eru átján ára og eru 49 af þeim 91 vagni sem Strætó er með í rekstri eldri en tíu ára. Jóhannes Svavar segir flotan of gamlan og viðhaldskostnað nema tugum milljóna á ári.

Að lágmarki verða keyptir fimm vagnar í ár en örútbod mun leiða í ljós hvort hægt verði að kaupa

fleiri. Eftir kaupin lýkur gildistíma rammisamnings um innkaup hjá Strætó en í borgarstjórn í vikunni var spurð fyrir um hvort keyptir yrðu vistvænni vagnar nú. Jóhannes segir að það verði stjórnar og eigna að ákveða hvort aðeins verði leitað eftir tilboðum í vistvænni vagna í framtíðinni. – smj

24. janúar í 7 nætur

Frá kr. 69.995

FLUGSÆTI ÁÐUR KR. 79.900 NÚ KR. 39.950

2 FYRIR 1

TENERIFE

Heimsferðir



7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum\*

www.kia.com

# Stefndu að fullkomnun



## SORENTO



The Power to Surprise

**Nýr Kia Sorento – frumsýndur í dag milli kl. 12 og 16**

Við kynnum nýjan **Kia Sorento**. Þessi magnaði jeppi er Íslendingum að góðu kunnur og hefur nú fengið enn glæsilegra útlit og uppfærslur sem gera Sorento að enn betri ferðafélaga. Glæsileg hönnun, snjallar tæknilausnir, átta þrepa sjálfskipting, kraftmikil 200 hestafla vél og hin einstaka 7 ára ábyrgð gera nýjan Kia Sorento að einum best búna jeppa í sínum flokki.

Verð frá **7.190.777 kr.**

Kia Sorento EX — 8 þrepa sjálfskipting, 4WD

Við frumsýnum Kia Sorento í dag á Krókhálsi. Komdu og reynsluaktu. Við tökum vel á móti þér.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland

\*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á [www.kia.com/abyrgd](http://www.kia.com/abyrgd)

Frá kr. **199.995** m/morgunmat & hálfu fæði skv. ferðalýsingu

9. maí í 11 nætur

Allt að **10.000 kr.** afsláttur á mann

**Jóga - Velliðan - Sörf**

# LÍKAMI & SÁL Í MAROKKÓ

**E**instök vellíðunarferð þar sem farþegum gefst kostur á að njóta lífsins á einstaklega fallegum hótélum sem standa við strandlengju Marokkó. Á hótélunum er frábær aðstaða til að næra sál og líkama í fullkominni slökun, dekki og vellíðan - allt eftir því hvað hver og einn kys.



PARADIS PLAGE 🌴🌴🌴



ROYAL ATLAS 🌴🌴🌴+

Flugið er beint til Agadir í Marokkó og dvalið fyrstu 6 næturnar á Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort og síðustu 5 næturnar á Hotel Royal Atlas Agadir. Á Paradise Plage Surf Yoga & Spa 4\* er kjörið að njóta lífsins og alls hins besta sem hótelið hefur uppá að bjóða í mat, drykk og afþreyingu.



JÓGA 14.000/mann



JÓGA & DEKUR 25.000/mann



BRIMBRETTI & JÓGA 25.000/mann



ALLUR PAKKINN 38.000/mann

Á Paradise Plage er boðið upp á jóga, nudd, tyrknesk böð og ýmsar heilsu- og nuddmeðferðir. Fyrir þá sem vilja sörf en eru óvanir þá er hér í boði brimbrettakennsla. Unnt er að bæta við bókun á ferðinni dásamlegum 5 Daga afþreyingarpökkum: **Jóga** með daglegum 2x75 mín. jógatímum. **Jóga & Dekur** með 5x75 mín. jógatímum, 2 arabískum böðum, 1 kornmaska og 2 nuddtímum 25-50 mín. **Brimbrettaskóli** með 5x90 mín. brimbrettatímum. **Brimbretti & Jóga** með 5x90 mín. brimbrettatímum og 5x75 mín. jógatímum. **Allur pakkin** með 5x90 mín. brimbrettatímum, 5x75 jógatímum ásamt 1 hammanbaði, 1 gufubaði og 2x25 mín. nuddum.

Síðari hluta ferðarinnar er dvalið á Royal Atlas Agadir 4\*+ í Agadir, sem er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Í Agadir er að finna gullna strandlengju eins langt og augað eygir en á þessum fallega stað skín sólin um 300 daga á ári.

Frá kr. **199.995** m/morgunmat & hálfu fæði skv. ferðalýsingu Netverð á mann frá kr. 199.995 m.v. 2 í herbergi.

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 6 nætur á Hotel Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort 4\* m/hálfu fæði og 5 í nætur á Hótel Royal Atlas Agadir 4\*+ m/morgunmat. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

**Heimsferðir**  
-fáðu meira út úr fríinu



Nýr ráðherra félagsmála vill kanna afrakstur starfshóps sem var skipaður fyrir tæpum tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Óvissa ríkir um afnám vasapeningakerfis

Forstöðumenn tveggja hjúkrunarheimila lýstu áhuga á tilraunaverkefni um afnám vasapeninga haustið 2016. Tilraunaverkefnið var hins vegar ekki sett af stað og óvissa um þátttöku í því. Félagsmálherra kannar vinnu starfshópsins.

**KJARAMÁL** Starfshópur um afnám vasapeninga hefur fundað sextán sinnum frá því að hann var skipaður í maí 2016 af þáverandi ráðherra, Eygló Harðardóttur. Hann hefur ekki skilað skýrslu eða öðrum beinum afurðum vinnu sinnar.

Starfshópnun var falið að útfæra og koma á tilraunaverkefni í samvinnu við eitt eða fleiri hjúkrunarheimili um nýtt fyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Hópurinn er skipaður fulltrúum frá Landssambandi eldri borgara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands og þremur fulltrúum frá velferðarráðuneytinu.

Í svari frá velferðarráðuneytinu um afrakstur starfshópsins kemur fram að tilraunaverkefni um afnám vasapeningakerfis sé enn á undirbúningsstigi. „Haustið 2016 fundaði starfshópurinn með forstöðumönnum tveggja hjúkrunarheimila sem lýst höfðu áhuga á verkefninu,

### Ráðstöfunarfé/vasapeningar

Þegar einstaklingur flytur inn á dvalar- eða hjúkrunarheimili greiðist lífeyrir viðkomandi frá Tryggingastofnun inn á heimilið. Viðkomandi fær svo vasapening úthlutað frá Tryggingarstofnun. Á árinu 2017 er ráðstöfunarfé að hámarki 68.662 kr. á mánuði. Það er tekjutengt og er reiknað út og greitt á grundvelli tekjuáætlunar. 65% af tekjum koma til lækkunar á ráðstöfunarfé. Vasapeningar eru tekjutengdir og falla alveg niður ef tekjur ná 82.083 krónum á mánuði.

Svokallað vasapeningakerfi hefur sætt harðri gagnrýni af hálfu samtaka aldraðra. Með nýju greiðslufyrirkomulagi er hugsunin sú að meira jafnræði ríki á milli þeirra einstaklinga sem búa á dvalar- og hjúkrunarheimilum og þeirra sem búa heima.

en vegna þess hve langt er um liðið er nauðsynlegt að kanna aftur hvort áhugi á þátttöku sé enn fyrir hendi. Því má segja að ekki liggja afdráttarlaust fyrir hvaða heimili muni taka þátt í tilraunaverkefninu.“

Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, var ekki tilbúinn til að lýsa sýn sinni á verkefnið þegar spurt var eftir henni í fyrirsögn til ráðuneytisins og því ekki víst um afstöðu hans. „Félags-

og jafnréttismálaráðherra er að kynna sér stöðu þessara mála og afla sér þekkingar á verkefninu og mun fjalla um afstöðu sína í svari við fyrirsögn sem beint hefur verið til hans á Alþingi um afnám vasapeningakerfis á dvalar- og hjúkrunarheimilum,“ segir í svari frá ráðuneytinu sem greindi einnig frá því að nýr ráðherra ætlaði sér að svara fyrirsögnunum um verkefnið þann 29. janúar næstkomandi. [kristjanabjorg@frettabladid.is](mailto:kristjanabjorg@frettabladid.is)

## Neðri-Dalur við Geysissvæðið óseldur

**VIÐSKIPTI** Jörðin Neðri-Dalur í Biskupstungum er enn óseld en hún er 1.200 hektarar að stærð og sú næsta við Geysissvæðið í Haukadal. Þetta staðfestir Þorlákur Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri fasteignasölnunnar Stakfells, og segir engar frekari viðræður hafa átt sér stað við kínverska fjárfesta sem lýstu síðasta sumar yfir áhuga á að skoða kaup á jörðinni.

„Það hefur ekkert gerst enn sem komið er. Það má segja að þetta sé á sama stað og í ágúst en þetta tekur allt langan tíma og mælt í mörgum mánuðum frekar en vikum,“ segir Þorlákur.

Fréttablaðið greindi í lok ágúst síðastliðins frá áhuga kínverskra fjárfesta á jörðinni. Kom þá fram að ásett verð væri 1,2 milljarðar króna og að fjárfestarnir horfðu helst til staðsetningar jarðarinnar og þess að þar er heitt vatn. Fasteignasali hjá Stakfelli sagði þá að Kínverjarnir vildu byggja upp ferðamannatengda



Neðri-Dalur er með Geysissvæðið nánast í bakgarðinum hjá sér. MYND/STAKFELL

starfsemi en fasteignasalan hafði þá útbúið sölukynningu á íslensku og ensku.

Átta bræður eiga jörðina og ætla þeir að taka smá skika fyrir sumarbústaði sína. Þorlákur segir ekki

koma til greina að lækka verðið.

„Nei, ég gef ekkert eftir. Ekki gramm. Enda er þetta perla sem mun seljast að lokum og við þurfum bara einn kaupanda og hann kemur,“ segir Þorlákur. – hg

# FRUMSÝNING Í DAG.

## NÝR OG GLÆSILEGUR

# SUBARU XV



**SUBARU XV PREMIUM**, bensín, sjálfskiptur  
Með EyeSight öryggismyndavélum  
Eyðsla 6,5 l/100 km\* – verð frá: 4.990.000 kr.

### HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

**EyeSight** öryggiskerfið er eitt það fullkomnasta sem völ er á. Það tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

 **EyeSight**  
Driver Assist Technology



**SUBARU**

*Confidence in Motion*

**B/L**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

**Bílasalan Bílás**  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

**IB ehf.**  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**X M**  
MIÐFLOKKURINN

Stofnfundur Miðflokksfélagsins í Reykjavík verður haldinn **mánudaginn 22. janúar kl. 20.00** í Rúgbrauðsgerðinni við Borgartún.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og  
Porsteinn Sæmundsson ávarpa fundinn.

Kaffveitingar  
Allir velkomnir

Miðflokkurinn í Reykjavík

**Alvöru útsalan  
ENDAR!** 20/1/2018

25%  
AFSLÁTTUR

25%  
AFSLÁTTUR

CERAVID



3-6 lítra hnappur  
CERAVID SETT  
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.  
Þýsk gæðavara  
**29.554**  
Áður kr. 37.890

Skál:  
„Scandinavia design“

BOZZ- LH2202-3  
Hitastýrt sturtutæki með niður eða uppstútt (rósettur fylgja)  
**7.112**  
Áður kr. 8.890

20%  
AFSLÁTTUR



Oulin Florens eldhústæki  
Verð nú  
**8.918**  
Áður ~~11.890~~ kr.

BOZZ SH2205-3  
Sturtusett m/hitastýrðu tæki  
**19.912**  
(rósettur fylgja)  
Áður kr. ~~24.890~~

20-30%  
AFSLÁTTUR



Oulin og Bolego stálvasar Mikíð úrval  
Verð frá  
**4.893**

20%  
AFSLÁTTUR



Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ

EINNIG Á  
VEFNUM!

**MÚRBÚÐIN**  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Leki hrjáir sóknarbörn

Ekki eru til nægir peningar fyrir þeim viðgerðum sem er þörf á í Breiðholtskirkju og til að reka söfnuðinn. Byggingin er í slæmu ástandi þar sem trébitar í lofti eru fúnir og víða lekur. Gjaldþrot blasir við, ef ekkert verður að gert.

**KIRKJUMÁL.** „Ég man eftir jarðarför sem var ekkert hugguleg, þar sem maður þurfti að rada fótum í kringum kistuna til að taka við leka. Það er kominn tími á gluggana og í þakhattunni efst uppi er allt orðið fúid eins og grautur. Þetta helst bara uppi af gömlum vana.“ Svona lýsir séra Gísli Jónasson, prófastur og fyrrverandi prestur í Breiðholtskirkju, ástandinu á kirkjunni. Miklar skemmdir hafa orðið á byggingunni vegna skorts á viðhaldi.

Byggingin var vígð árið 1988 og komu að sögn Gísla fljótlega í ljós annmarkar við verkið. „Þetta er flókin bygging og er í prinsippinu timburverk þar sem það eru í hæðinni miklir límtrébitar, tólf bitar sem bera kirkjuna uppi. Þetta er skemmtilega hugsað en það kom fljótlega í ljós að bitarnir láku og það þurfti að fara í dýrar aðgerðir og klæða bitana með stáli,“ segir Gísli. Ástandið var fyrir fjórum til fimm árum svo slæmt að starfsfólk kirkjunnar þurfti reglulega að setja fótur á gólfid til þess að taka við leka af þakinu. „Ástandið er löngu komið á síðasta séns, það er ekki gaman að þurfa næstum að bjóða fólki regnhlíf eða þurfa að fjarlægja stóla úr miðri stólaröð svo menn sitji ekki undir leka,“ segir Gísli.

Séra Magnús Björn Björnsson tók við stöðu sóknarprests í byrjun janúar en hafði áður starfað í Digraneskirkju. Magnús segir töluverðan



Hallidór Konráðsson kirkjuvörður virðir fyrir sér skemmdir á altari Breiðholtskirkju sem orðið hafa eftir leka úr þaki byggingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

mun á þessum tveimur kirkjum en sóknarbörn eru langtum færri í Breiðholtskirkju. Að sögn Magnúsar standa sóknargjöldin því varla undir rekstri kirkjunnar, hvað þá kostnaðarsömum viðgerðum. Ef ekkert er að gert, blasir gjaldþrot við.

Nýlega fékk söfnuðurinn þó styrk úr Kirkjumálasjóði til þess að meta skemmdirnar, en enn er óvist hvað viðgerðirnar munu kosta. „Það hefur verið klastrað hér í hálfgerðri sjálfbodavinnu. Það er til dæmis einn maður í kórnum sem hefur haft það fyrir áhugamál að klifra

upp á þakið og kitta í rifur, en það eru auðvitað ekki viðgerðir,“ segir Gísli. Einnig er verið að skoða sameiningu á Breiðholtskirkju og Fella- og Hólakirkju en að sögn Gísla og Magnúsar stendur ekki til að selja bygginguna eða hætta þar kirkjustrarfi endanlega. „Áður en gengið væri til sameiningar þurfum við að vita hvað er fram undan, ef sameinað yrði, yrði ekki önnur kirkjan seld. Það yrði að reka bæði húsinn áfram,“ segir Gísli en söfnuðurinn í Breiðholtskirkju er sá minnsti á höfuðborgarsvæðinu.

bryndissilja@frettabladi.is



## Q5 á sérkjörum

Nokkrir einstaklega vel útbúnir Audi Q5 á sérkjörum og til afhendingar strax.

5 ára  
ábyrgð

**Audi Q5 Quattro  
Sport 2.0 190 hö**

Listaverð 9.060.000 kr.

**Tilboðsverð 7.490.000 kr.**

**Audi Q5 Quattro  
Sport 2.0 190 hö**

Listaverð 8.550.000 kr.

**Tilboðsverð 7.290.000 kr.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is



**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**POLO**  
RALPH LAUREN

*Stenströms*

**ARMANI**  
COLLEZIONI

**eterna**

**gardeur**

**HUGO**  
HUGO BOSS

**G-STAR RAW**

**FINUCCI**

**bugatti**

**TINO COSMA**

**BELLINI**  
collezione


**MANZ**  
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

**BARKER**  
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

**LLOYD**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54  
bláu húsin (við faxafen)



**Herra**  
*lager*  
**outlet**  
*líka fyrir konur*

# Rýmning

# 800%

# afsláttur af öllum vörum Lokadagar



## Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2018

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2018.

Verðlaun að upphæð 800 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit. Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Úlfhildur Dagsdóttir formaður og Börkur Gunnarsson tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Þórarinn Eldjárn tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

### Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2018

Utánáskrift: Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar b.t. Ingu Maríu Leifsdóttur, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Jónas Reynir Gunnarsson hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2017. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða fyrir **1. febrúar 2018**. Einnig er unnt að fá handrit send í póströfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.

# Dómstólar ósammála um greiðslugetu Sindra

Hæstiréttur taldi ekki ástæðu til að gefa fyrrverandi starfsmanni Landsbankans sem dæmdur var í fangelsi í markaðsmisnotkunarmáli afslátt af sakarkostnaði.

**DÓMSMÁL** Sindri Sveinsson, fyrrverandi starfsmaður eiginfjárfestinga Landsbankans, sem hlaut níu mánaða fangelsisdóm í markaðsmisnotkunarmáli í febrúar 2016, þarf að greiða 22,6 milljónir króna í málskostnað vegna þess máls. Þetta er niðurstaða Hæstaréttar Íslands. Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði í desember síðastliðnum að lækka upphæð fjárnáms sem gert var hjá Sindra upp á rúmar 22 milljónir króna niður í tvær milljónir. Sindra hafði í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans verið gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Reimars Péturssonar.

Laun Reimars voru greidd úr ríkissjóði sem hóf í kjölfarið að krefja Sindra um endurgreiðslu. Sindri kvaddst ekki vera borgunarmaður fyrir upphæðinni og var því farið fram á að upphæðin yrði sótt með aðför en fjárnám reyndist árangurslaust.

Sindri stefndi gerðarbeiðanda, í þessu tilfalli sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, og krafðist þess að krafan yrði lækkuð. Hann héldi láttlaust heimili með eiginkonu sinni, greiddi af fasteignalánum en að húsið væri séreign konu hans. Hann væri eignalaus. Í málinu lagði hann fram kaupmála, dagsettan 27. maí



Héraðsdómur úrskurðaði í desember að lækka upphæð fjárnáms sem gert var hjá Sindra upp á rúmar 22 milljónir króna niður í tvær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

2013, því til sönnunar þar sem hann færði eignarhlut sinn í fasteigninni yfir á eiginkonu sína.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þegar kaupmálinn var gerður hafi sakamálið verið höfðað á hendur honum rúmunum tveimur mánuðum áður. Af þeim sökum hafi sýslumaður getað leitað fullnustu með fjárnámi í hlut fasteignarinnar sem hefði án kaupmálans verið í eigu Sindra.

Hæstiréttur segir að fram hafi komið í gögnum sem Sindri lagði fram að hann hafi um árabíl verið með talsverðar tekjur. Ekki hefði verið leitt í ljós að fjárhagur hans væri með því móti að falla bæri frá kröfu á hendur honum um greiðslu sakarkostnaðar. Ekki væri því tilefni til að taka til greina kröfu hans um að fjárnáminu yrði breytt. – smj

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

# ENDURNÝJAÐU TENGSLIN VIÐ ÞAÐ MIKILVÆGA Í LÍFINU

**ŠKODA**

**NÝR ŠKODA KODIAQ MEÐ MÖGULEIKA Á 7 SÆTUM.**

Það er mikilvægt að vera í góðum tengslum við fólkíð sitt og náttúruna. Á fjórhjóladrifnum KODIAQ með val um sjö sæti og glerþak, getur þú sameinað þetta tvennt og notið þess að ferðast með ánægju. Endurnýjaðu tengslin við það mikilvægasta í lífinu á nýjum ŠKODA KODIAQ.

ŠKODA KODIAQ frá:

**5.590.000 kr.**

5

5 ÁR ABYRGÐ HJÁ HEKLU

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanessbæ

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)



**RENAULT**  
Passion for life

NÝR Renault Espace

# GLÆSILEGUR SJÖ SÆTA LÚXUS



FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12–16



Vönduð innrétting með LED lýsingu



Stílhrein hönnun



Sjö lúxussæti

**JANÚAR**  
**SMELLVERÐ:** VERÐ FRÁ: 5.790.000 KR.  
**5.490.000 KR.**

Smelltu þér á nýjan Espace  
á [www.bl.is](http://www.bl.is) í janúar

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



GÍSLI MATTHÍAS  
FRÁ SLIPPNUM



POP UP

## SLIPPURINN VESTMANNAEYJUM

á Apotekinu í næstu viku  
24.-28. janúar

### 7 rétta girnilegur seðill

með helstu réttum Gísla  
á veitingahúsinu Slippnum

#### SNACK

Paraflögur með loðnuhrognum & sýrðum rjóma og  
harðfiskflögur með brenndu smjör & sölum

#### GRAFÍÐ FOLALD

geitaostur & jarðskokkar

#### LETURHUMAR

með sjótrufflum, smjörsoðu & þurrkuðum tómötum

#### ÞORSK KLUMBRA

gerjuð skessujurt & kjúklingagljái

#### LAMB

geymdur rabbabari, seljurót, heslinhnetur & timían

#### Eftirréttir

##### SKYR

hafrar & blóðbergskrap

##### MJÓLKURSÚKKULADI

kerfilsís, súrmjólkurfroða & lakkríssalt

9.900 kr.

Borðapantanir á apotek.is og í síma 551 0011

# Puigdemont vill stýra Katalóníu frá Brussel

Fyrirverandi forseti Katalóníuhéraðs Spánar vill setjast aftur á forsetastól. Segist vel geta stýrt frá Brussel en hann er á flóttu eftir að hafa verið ákærður fyrir upp-  
reisl. Ríkisstjórn Spánar segir með öllu ótækt að heimila slíkt og hótar að kæra.

**SPÁNN** Carles Puigdemont sagði í gær að það væri ekkert að því að hann yrði aftur forseti héraðsstjórnar Katalóníu. Jafnvel þótt hann sé nú í útleög í Brussel, hafi verið rekinn úr embættinu og sé ákærður fyrir upp-  
reisl gegn spænska ríkinu vegna sjálfstæðisfirlýsingar síðasta árs.

„Þar sem ég er þingmaður er það fullkomlega í lagi að ég verði forseti,“ sagði Puigdemont við Catalunya Radio í gær en hann vill meðal annars styðjast við myndbandssím-  
töl, verði hann aftur héraðsforseti. „Ýmis stór verkefni nú til dags eru leyst með aðstoð tækninnar.“

Það var spænska ríkisstjórnin sem leysti upp þingið og rak héraðsstjórnina á síðasta ári. Til nýrra þingkosninga var boðað og héldu aðskilnaðarsinnar meiri-  
hluta sínum á katalónska þinginu. Puigdemont leiddi næststærsta flokk aðskilnaðarsinna, JxCat.

Vegna þess að Puigdemont óttað-  
ist að vera handtekinn og stungið í fangelsi flúði hann ásamt nokkrum ráðherrum héraðsstjórnarinnar til Brussel á meðan þeir ráðherrar sem voru eftir í Katalóníu voru hneptir í gæsluvarðhald.

Í viðtali sínu við Catalunya Radio



Carles Puigdemont vill nýta tæknina til að stýra frá Brussel. NORDICPHOTOS/AFP

útilokaði Puigdemont að snúa aftur í brád. „Það er ekki hægt að stýra úr fangelsi,“ sagði hann.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, sagði á dögnum algjör-  
lega útilokað að leyfa Puigdemont að setjast aftur á forsetastól. Ef hann myndi sækja þingfundi í gegnum Skype eða sambærileg myndbands-  
samtalsforrit myndi spænska ríkið kæra katalónska þingið.

Undir þetta tók Inigo Mendez de Vigo, ráðherra og talsmaður spænsku ríkisstjórnarinnar. „Hann verður ekki forseti Katalóníu,“ sagði ráðherrann við Reuters í gær. Bætti de Vigo því við að ríkisstjórnin myndi umsvifalaust kæra skipan hans til dómstóla ef þingmenn kysu að útnefna „flóttamann í Brussel“ forseta héraðsins.

thorgnyr@frettabladid.is

## Bjarmaland ferðaskrifstofa

### PÁSKAR Á INDLANDI

24. mars – 6. apríl | 13 nætur

Delhi - Agra - Jaipur og 6 dagar á ströndum GOA



VERÐ  
359 000  
kr.

öll hótél 5 \*!

### FÓTBOLTAHÁTÍÐ Í RÚSSLANDI

15.- 23. júní | 8 nætur



VERÐ frá  
276 000  
kr.

### SIGLING KEISARALEIÐIN

9.- 19. ágúst | 10 nætur

Pétursborg - Moskva



VERÐ  
307 000  
kr.

Einnig: Rúmenía, Georgía & Azerbædsjan ofl.

# FRÍ ÞJÓNUSTUSKOÐUN Í TVÖ ÁR MEÐ NÝJUM OUTLANDER PHEV

## Outlander Invite PHEV

4x4, sjálfskiptur, frá:

**4.540.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni og var vinsælasti sportjeppinn 2017. Honum fylgir 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Tryggðu þína ábyrgð hjá viðurkenndum þjónustuaðila og fáðu 2ja ára þjónustuskoðun\* með í kaupum á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Komdu og prófaðu vinsælasta bílinn frá Mitsubishi. Hlökkum til að sjá þig!

### Outlander Invite PHEV

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórásæti
- 7 SRS loftþúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Afendurheimt á hendlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörðunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Tvískipt miðstöð með forhitara



FYRIR HUGSANDI FÓLK

\*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á [hekla.is](http://hekla.is). Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# BÍLA KARNIVAL

## BRIMBORG BÝÐUR Á KARNIVALI!

Flottar frumsýningar allan janúar með geggjuðum tilboðum og dúndrandi fjöri.  
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.

Þetta er viðburður sem þú vilt ekki missa af!

*Komdu á karnival í Brimborg – við eigum rétta bílinn fyrir þig!*

### PEUGEOT 308

VERÐ FRÁ: 3.160.000 KR.

TILBOÐSVERÐ: 2.860.000 KR.

AFSLÁTTUR  
**-300.000 kr.**  
+ VETRARDEKK

### VOLVO S60 CROSS COUNTRY

VERÐ FRÁ: 5.750.000 KR.

TILBOÐSVERÐ: 4.990.000 KR.

AFSLÁTTUR  
**-760.000 kr.**  
+ VETRARDEKK



**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

[brimborg.is](http://brimborg.is)

# KOMDU Á KARNIVAL!

OPIÐ LAUGARDAG 12-16, REYKJAVÍK OG AKUREYRI

GEGGJUD  
TILBOÐ!

AFSLÁTTUR FRÁ  
160 - 914.000 KR  
+ VETRARDEKK!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR

KOMDU Í STUDID!

## MAZDA6 VISION STATION

VERÐ FRÁ: 3.970.000 KR.  
TILBOÐSVERÐ: 3.620.000 KR.

AFSLÁTTUR  
-350.000 kr.  
+ VETRARDEKK



## FORD KUGA TREND EDITION

VERÐ FRÁ: 4.160.000 KR.  
TILBOÐSVERÐ: 3.695.000 KR.

AFSLÁTTUR  
-465.000 kr.  
+ VETRARDEKK



Felgur eru 17" en ekki 19" eins og á mynd

## CITROËN C3

VERÐ FRÁ: 2.170.000 KR.  
TILBOÐSVERÐ: 1.950.000 KR.

AFSLÁTTUR  
-220.000 kr.  
+ VETRARDEKK



# Margvísleg viðbrögð við viðvörðuninni

Hvað myndir þú gera ef þú fengir skilaboð um að þú ættir hálf tíma eftir ólifaðan? Íbúar Hawaii-rikis Bandaríkjanna lentu í þessu, eins og frægt er orðið, í síðustu viku. Þótt viðvörðunin hafi verið röng og send óvart er líklegt að hún hafi langvarandi áhrif á líf eyjaskeggja.

Þórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Viða á veraldarvefnum hafa Hawaii-búar deilt reynslusögum sínum af þessum órlagaríka laugardegi þegar þeir fengu skilaboð um að eldflaug væri í þann mund að skella á eyjunum. 38 mínútur liðu þangað til mistökin voru leiðrétt. Blaðamenn hafa sagt frá viðbrögðum sínum, vefsíður deilt upplýsingum um breytt hegðunarmynstur viðskiptavina og 13.750 ummæli voru skrifuð við þráð á spjallborðssíðunni Reddit þar sem notendur voru spurðir hvað þeir hafi gert þegar þeir fengu skilaboðin og hvort þeir sjái eftir því.

Viðbrögð fjölmargra voru ósköp edlileg í þessum aðstæðum á meðan viðbrögð annarra voru undarlegri. Þá grínudust netverjar á Reddit og sögðu að bestu sögurnar ættu eftir að koma upp á yfirborðið eftir nokkra áratugi. Það er þegar þeir eyjaskeggjar sem læstu sig inni í sprengjubyrkjum þora loks aftur að koma upp á yfirborðið og sjá að engin eldflaug skall á Hawaii.

## Grét úr sér augun

Amanda Thompson sagði í samtali við CBS-fréttastofuna að hún og eiginnmaður hennar hefðu hrúgað vatni og öðrum nauðsynjum í skáp undir



Allt er nú með kyrrum kjörum í Honolulu en fyrir viku barst íbúum Hawaii tilkynning um að eldflaug væri í þann mund að skella á ríkinu. NORDICPHOTOS/AFP



## KLÁM eða KYNLÍF?

Eru mörkin á milli kláms og kynlífs orðin óljós?

Morgunverðarfundur ofbeldisvarnarnefndar  
Reykjavíkurborgar 24. janúar kl. 8.30 – 10.00 í Iðnó

### DAGSKRÁ

#### 08.30 Setning fundar

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar.

#### 08.40 Sjúk ást. Verkefni á vegum Stígamóta

Heiðrún Fivelstad og Steinunn Ólína Hafliðadóttir.

#### 08.50 Kynjaður veruleiki? Kynhegðun og sjálfsmynd ungs fólks

Dagbjört Ásbjörnsdóttir.


#### 09.10 Ungt fólk, klám og kynlíf?

Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson segja frá rannsóknum sínum á kynlífsmenningu framhaldsskólanema með sérstakri áherslu á viðhorf og umræður unga fólksins um klám.

#### 09.40 Umræður og fyrirspurnir

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir, aðgangur ókeypis

Fundarstjóri: Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi og formaður ofbeldisvarnarnefndar



Reykjavíkurborg

stiga á heimilinu. Síðan hefðu þau klöngrast inn í skápinn með nýfætt barn sitt og annað tveggja ára.

„Við gripum allt sem við gátum. Teppi, kodda, bleyjur, blautpurrkur, mat, vatnsflöskur. Ég hef aldrei grátið svona mikið,“ sagði Thompson og bætti við: „Við hringdum í foreldra hans og ég grét svo mikið að þau skildu ekki orð af því sem ég sagði.“

#### Fékk hjartaáfall

Honolulu Star greindi frá því að Sean Shields, karlmaður á sextugsaldri, hefði verið staddur á ströndinni á Oahu þegar skilaboðin bárust. Hann hafi fyrst hringt í tíu ára dóttur sína og fullorðinn son sinn til að kveðja. Síðan hafi hann farið að kasta upp í gríð og erg.

Kærasta hans hafi þá ekið honum á heilsugæslu þar sem hann fékk hjartaáfall. Samkvæmt Star er maðurinn á batavegi.


#### Færri horfðu á klám

Klámsíðan Pornhub tók saman aðsóknartölur þess tíma sem leið frá því viðvörðunin var send út og þar til hún var leiðrétt. Niðurstöðurnar voru þær að eyjaskeggjar höfðu mun minni áhuga á því að horfa á klám þegar þeir héldu að þeir væru að lifa síðustu mínútur ævi sinnar. Um 77 prósentu lækking miðað við venjulegan laugardag var að ræða.


„Þegar mistökin voru leiðrétt fór umferðin að jafnast út og Hawaii-búar gátu andað léttar. Þeir sem vildu anda einna léttast leituðu aftur til Pornhub og umferðin mældist helmingi meiri en venjulega korteri síðar,“ sagði í blogg-færslu síðunnar.

#### Greindi frá framhjáaldi

Í stað þess að reyna að gera (það sem hann hélt að yrðu) síðustu stundir fjölskyldu sinnar góðar ákvað fjölskyldufaðir á Oahu að senda allri stórfjölskyldunni skilaboð þar sem hann greindi frá því að hann hefði haldið fram hjá eiginkonu sinni í tvö ár. Frá þessu greindi einn notenda Reddit sem fékk skilaboðin send. Fjölskyldufaðirinn sagðist vilja „gera hreint fyrir sínum dyrum“ áður en maðurinn með ljáinn kæmi að sækja hann.



Fáir skoðuðu klám fyrst eftir að viðvörðunin barst. Þegar ljóst varð að um misskilning væri að ræða jókst aðsóknin aftur til muna. NORDICPHOTOS/GETTY



Skilaboðin sem send voru á eyjaskeggja. NORDICPHOTOS/AFP

#### Yfirmaðurinn afklæddist

Einn Reddit-notandi sagðist hafa verið einn af þeim fáu sem brugðust við af stillingu. Hann hafi verið á skrifstofu sinni og einfaldlega haldið áfram að vinna þar sem hann gæti ekki stöðvað eldflaug einn síns liðs og enginn tími gæfist til að komast í skjól.

„Aðra sögu er að segja af yfirmanni mínum. Hann afklæddist,

gekk að borði forstjórans og fitlaði við sig beint fyrir framan forstjóran sem var þá að tala við eiginkonu sína í símann. Ég veit ekki hvort olli forstjóranum meiri óþægindum, hin væntanlega sprenging eða gjörðir yfirmanns míns,“ skrifaði notandinn og bætti því við að þegar mistökin hafi verið leiðrétt hafi yfirmaðurinn skiljanlega verið rekinn.

Máli sínu til stuðnings skannaði notandinn inn uppsagnarbréf hins rekna yfirmanns. Það var undirritað af forstjóranum og í því sagði að best væri fyrir yfirmanninn að finna trúlega útskýringu á því hvers vegna fjögur ár ferilskrár hans væru tóm. Því ef einhver myndi hringja í þennan fyrrverandi vinnustað myndi forstjórinn sjálfur segja frá ástæðu brottrekstursins.

#### Oföndun og grátur

Meredyth Gilmore sagði frá því á Twitter að hún hefði hlaupið með barn sitt að sprengjubyrgi í eigu hersins þegar viðvörðunin barst. Þar var henni tjáð að byrgið væri yfirfullt og búið væri að læsa því.

„Við sátum frammi á gangi með um fimmtíu öðrum mökum hermanna og börnum þeirra. Flestir grétu, ofönduðu og bjuggust við því að deyja,“ tísti Gilmore og gagnrýndi harðlega hversu langan tíma það tók yfirvöld að leiðrétta mistökin.





Way of Life!

# BÍLASÝNING Á LAUGARDAGINN! KYNNUM 4X4 FJÖLSKYLDU SUZUKI

## FINNDU FJÓRHJÓLADRIFINN SUZUKI SEM HENTAR ÞÉR



**KOMDU OG PRÓFAÐU  
FJÓRHJÓLADRIFINN  
SUZUKI**

**OPIÐ FRÁ KL. 12 - 16:00  
LÉTTAR VEITINGAR Í BODI**

Fjór hjóladrifnir Suzuki henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel. Þeir eru kraftmiklir með akstursegginleika í sérflokkum og um leið sérlega sparneytnir.

Komdu við og fáðu frekari upplýsingar hjá sölumönnum okkar og við hjálpum þér að finna Suzuki sem hentar þér.

**ALLGRIP**

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!



FLUTT MEÐ  
**EIMSKIP**

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Borðið bara kökur



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**F**arþegar strætisvagna í Reykjavík sendu í gær út myndir af fullum strætisvögnum undir myllumerkinu #tómirvagnar. Skeytin voru svör við grein Eypórs Arnalds, framhjódanda Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann fann Borgarlínu og strætó allt til foráttu með þeirri gamalkunnu tuggu að Reykvikingar hafi valið einkabílinn. Segir að markvisst hafi verið þengt að fjölskyldubílnum.

Af myndunum að dæma er upplifun Eypórs af strætó nokkuð á skjön við reynslu farþeganna. Hann er í hlutverki Mariu Antoinette sem spurði hvers vegna frönsku öreigarnir borðuðu ekki kökur, fyrst brauðið var af skornum skammti.

Borgarlína er ekki hugmynd sem fæddist í skyndi og er á umræðustigi. Hún er afrakstur margra ára samvinnuferlis sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu. Að hefur komið fólk úr öllum flokkum, fjöldi ráðgjafa innlendra og útlendra. Eypór Arnalds getur ekki blásið því út í hafsauga með einni blaðagein.

Sjálfstæðismenn í Reykjavík eru í krísi. Einarðasti borgarfulltrúi flokksins, sem er sérhæfur í borgarfræðum frá virtum háskóla í útlöndum, var hrakinn úr flokknum. Nýstárlegar og vel ígrundaðar hugmyndir hans áttu ekki upp á pallborðið. Málflutningur Eypórs bendir til þess að hann vilji að flokkurinn hjakki í sama farinu, en kjósendur í prófkjöri skyldu vera meðvitaðir um að ekki eru allir framþjóðendur á sömu línu.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2018.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur veitir Sveinn Hreiðar Jensson hótelstjóri á [sj@icehotels.is](mailto:sj@icehotels.is) eða í síma 487 4900.

Icelandair hótel eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótel undir fjórum ólíkum vörumerkjum: Icelandair Hotels, Hótel Edda, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík. Hjá félaginu starfa rösklega 800 manns.

**Icelandair Hotels**

[www.icelandairhotels.com](http://www.icelandairhotels.com)

# Hjúkrunardeildarstjóri óskast

## Laus er staða deildarstjóra á 3. hæð á Skjólí

### Helstu verkefni og ábyrgð:

Ábyrgð á stjórnun, áætlanagerð, rekstri, starfsmannamálum og mönnun deilda. Leiðandi í starfi, framþróun og skipulagningu á starfsemi deilda.

### Hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni

### Upplýsingar veitir:

Guðný H. Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri hjúkrunar  
í síma: 522 5600

Umsóknir sendist á [gudny@skjol.is](mailto:gudny@skjol.is)

Umsóknir má einnig senda rafrænt á heimasíðu Skjólis, [www.skjol.is/umsoknir](http://www.skjol.is/umsoknir)



Á Skjólí hjúkrunarheimili eru 106 rými á fimm deildum. Skjól er stofnaðili að hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi og eru hjúkrunarheimilin rekin í nánu samstarfi. Áhersla er lögð á faglega hjúkrunar- og lækniþjónustu auk sjúkra- og iðjuþjálfunar.



Skjólí hjúkrunarheimili  
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík  
Sími 522 5600

## Pípulagnafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmenn.

Sveins-meistararéttindi æskileg,  
íslenskukunnátta skilyrði.

Umsókn sendist á [heimalagnir@internet.is](mailto:heimalagnir@internet.is)

## STÖRF HJÁ GARDABÆ

### Flataskóli

- Leikskólakennari í leikskóladeild

### Holtakot

- Leikskólakennari

### Lundaból

- Leikskólakennari

### Fjölskyldusvið

- Proskapjálfi á bæjarskrifstofu
- Starfsmenn í félagslega liðveislu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Gardabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



GARDABÆR

GARDATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Lögfræðingur



VINNUMÁLA  
STOFNUN

Vinnuálagstofnun óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa á stjórnsýslusviði stofnunarinnar. Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnuálagstofnunar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.** Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni. Hann þarf að vera lausnamiðaður og nákvæmur. Næsti yfirmaður er aðstoðarforstjóri stofnunarinnar og sviðstjóri stjórnsýslusviðs.

Um er að ræða krefjandi en jafnframt áhugavert starf. Verksvið er fjölbreytt og felur m.a. í sér ráðgjöf innan sem utan stofnunar, fundir og önnur tilfallandi verkefni á málefna sviði stofnunarinnar.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Lögfræðileg álit, ráðgjöf og umsagnir
- Meðferð mála samkvæmt lögum sem heyra undir stofnunina, m.a. á sviði starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja sem senda starfsmenn til Íslands
- Gerð leiðbeininga vegna stjórnsýslu stofnunarinnar og samræmingu á eftirliti
- Undirbúningur stjórnvaldsáskvarðana og mótun reglna á verkefnasviði stofnunarinnar
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila, þ.á.m. önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf í lögfræði eða BA próf í lögfræði auk meistaraprófs í lögfræði
- Góð tungumálakunnátta, íslenska og enska, bæði í töluðu og rituðu máli
- Góð kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking í stjórnsýslurétti og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, frumkvæði og metnaður í starfi

Starfshlutfall er 100% og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélag lögfræðinga hafa gert.

Athygli er vakin á að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri í síma 515-4800 eða með fyrirspurn á netfangið [unnur.sverrisdottir@vmst.is](mailto:unnur.sverrisdottir@vmst.is), og Vilmar Pétursson, mannauðsstjóri í síma 515-4800 eða með fyrirspurn á netfangi [vilmar.petursson@vmst.is](mailto:vilmar.petursson@vmst.is).

Sækja skal um starfið á Starfatorgi:  
[www.starfatorg.is/201801/155](http://www.starfatorg.is/201801/155)

Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar 2018

Kröfningarmáttorfi www.kröf.is



Lulla doll  
by RORO

## Sölustjóri

RóRó ehf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan einstakling í starf sölustjóra. Sölustjóri stýrir sölu og samskiptum við dreifingaraðila fyrirtækisins á erlendum mörkuðum.

## Starfssvið

- ♥ Skipulagning sölustýringar á alþjóðavettvangi
- ♥ Öflun nýrra viðskiptasambanda
- ♥ Efling og viðhald núverandi viðskiptatengsla
- ♥ Samskipti og stýring umboðssala(aðila) erlendis
- ♥ Tilboðs- og samningagerð
- ♥ Greining á nýjum mörkuðum
- ♥ Gerð sölu- og rekstraráætlana ásamt eftirfylgni þeirra
- ♥ Skýrslugerð
- ♥ Aðkoma að markaðsmálum á fyrirtækjamarkaði erlendis

## Hæfniskröfur

- ♥ Reynsla af sölustörfum á fyrirtækjamarkaði
- ♥ Reynsla af stjórnunarstörfum æskileg
- ♥ Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- ♥ Hæfni og geta til að vinna undir álagi
- ♥ Framúrskarandi skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- ♥ Vönduð og skipulögð vinnubrögð
- ♥ Góð enskukunnátta, bæði skrifleg og talaðri
- ♥ Góð almenn tölvukunnátta

RóRó er sprotafyrirtæki sem stofnað var í lok árs 2011 en markmið fyrirtækisins er að þróa vörur sem stuðla að aukinni vellíðan, bættum svefni og öryggi ungra barna. Aðalvara fyrirtækisins í dag er Lulla doll. Sjá: [www.lulladoll.com](http://www.lulladoll.com)

Umsóknarfrestur er til og með 31.janúar n.k.. Umsóknir sendist á netfangið [helga@rorocare.com](mailto:helga@rorocare.com). Nánari upplýsingar veitir Helga María Helgadóttir, [helga@rorocare.com](mailto:helga@rorocare.com)

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki

# Starf sálfræðings á skóla- og frístundasviði Akraneskaupstaðar



Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar auglýsir laust til umsóknar starf sálfræðings við skólaþjónustu skóla- og frístundasviðs. Skólaþjónusta skóla- og frístundasviðs starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 584/2010. Starfsmenn skólaþjónustu eru sálfræðingar, talmeinafræðingur og iðjuþjálfari. Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu teymi skólaþjónustunnar ásamt samstarfi við kennara í leik- og grunnskólum, sérkennara, almenns starfsfólk, þroskaþjálfara og iðjuþjálfara. Starfsstöð sálfræðingsins er í Grundaskóla og eru laun í samræmi við kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og launanevndar sveitarfélaga.

## Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Veitir starfsfólki leik- og grunnskóla stuðning við að efla skóla m.a. með fræðslu og ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda, sérkennslu, starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarf og starfsumhverfis.
- Veitir ráðgjöf og fræðslu/námskeið til foreldra.
- Sinnir athugunum, greiningu og ráðgjöf vegna nemenda. Sinnir einnig eftirfylgd og mati á árangri í samstarfi við starfsfólk og foreldra.
- Er þátttakandi í barnateymi Akraness í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.
- Tekur þátt í stefnumótunavinnu sem tengist málaflokknum og felur meðal annars í sér að móta þjónustuna í samræmi við reglur á hverjum tíma.

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Sálfræðimenntun og leyfi til að starfa sem slíkur hér á landi með leyfi landlæknis
- Reynsla af greiningu og ráðgjöf á þroska- og hegðunarvanda barna og ungmenna skilyrði
- Þekking og reynsla af starfi sálfræðings skólaþjónustu er kostur
- Réttindi til námskeiðshalds vegna hegðunar og líðan barna er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða
- Færni og sveigjanleiki í samskiptum
- Faglegur metnaður
- Góð íslensku- og tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar næstkomandi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri í tölvupósti á netfangið skoliogfristund@akranes.is.

Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar. Umsóknnum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð í stjórnýslunni.



Einkunnarorð sveitarfélagsins eru jákvæðni, metnaður og víðsýni.



Akraneskaupstaður

## RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



## Menningarfélag Akureyrar auglýsir eftir: Leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Listræn stjórn leikhússins og yfirumsjón með verkefnavali þess og framleiðslu.
- Umsjón og framfylgd stefnu MAK.
- Áætlanagerð og eftirlit verkefna leiklistarsviðs.
- Yfirumsjón með leiklistarskóla.
- Mannaráðningar og samningagerð við launþega og verktaka vegna uppsetninga á leikverkum.
- Framlag og þátttaka í samstarfsverkefnum og uppsetningum þar sem kjarnasvið MAK sameina krafta sína.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði leiklistar, framhaldsmenntun í sviðslistum eða stjórnun er kostur.
- Reynsla af leikstjórn og þekking á stefnum og straumum í sviðslistum.
- Reynsla af áætlanagerð.
- Brennandi áhugi á menningarlífi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Leikfélag Akureyrar er leiklistarsvið Menningarfélags Akureyrar og eitt af þremur kjarnasviðum þess. Leikhússtjóri vinnur náið með öðrum sviðsstjórum MAK og framkvæmdastjóra, auk þess að sitja reglulega fundi með þeim og stjórn MAK. Viðkomandi kemur til með að vinna með hæfileikaríku fólki alls staðar að af landinu og verða hluti af framtíð félags sem á sér djúpar rætur í hefð og sögu leiklistar á Íslandi.

Til að sækja um þarf að senda ítarlega ferilskrá og umsóknarbréf þar sem rakinn er hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2018. Umsóknir skulu sendar á netfangið [umsoknir@mak.is](mailto:umsoknir@mak.is). Umsjón með ráðningunni hefur framkvæmdastjóri, þurður Helga Kristjánsdóttir, ásamt stjórn MAK.

Leikfélag Akureyrar, Sinfónihljómsveit Norðurlands og Menningarhúsið Hof mynda Menningarfélag Akureyrar.

Menningarfélag Akureyrar | Strandgötu 12 | Akureyri | 450 1000 | [mak.is](http://mak.is)

[www.ils.is](http://www.ils.is)

569 6900

8-16

## Sérfræðingur í fjárstýringu



Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða sérfræðing í fjárstýringu til að annast fjárstýringu sjóðsins. Við leitum að öflugum einstaklingi með reynslu af störfum í eignastýringu eða fjárstýringu sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni í breytilegu umhverfi

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stýringu skuldabréfasafns sjóðsins
- Greiningar á fjárlæði sjóðsins
- Greining markaða og fjárfestingakosta
- Arðsemis- og áhættumat
- Uppbygging og utanumhald verðbréfasafna
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra
- Upplýsingagjöf, greining og skýrslugjöf

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði viðskiptafræði, verkfræði eða hagfræði
- Haldgóð reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Reynsla af gerð fjárlæðilíkana er kostur
- Próf í verðbréfamiðlun er kostur

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga hafa gert. Starfshlutfall er 100%.

### Nánari upplýsingar veita:

Brynhildur Halldórsdóttir  
[brynhildur@ils.is](mailto:brynhildur@ils.is) · 569 6900  
Unnur Míla Þorgeirsdóttir  
[unnurm@ils.is](mailto:unnurm@ils.is) · 569 6900

### Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar.

Íbúðalánasjóður er með efnahagsreikning sem nemur ríflega 800 milljörðum. Afkoma rekstrar Íbúðalánasjóðs ræðst annars vegar af rekstri útlánasafnsins og fjárfestingu lausafjár utan lánasafns hins vegar. Íbúðalánasjóður ásamt viðskiptabönkunum þremur fellur undir skilgreiningu FME sem kerfislega mikilvæg stofnun og þarf að uppfylla sömu kröfur og önnur fjármálafyrirtæki gagnvart FME hvað varðar lánastarfsemi, eignastýringu, fjárstýringu, áhættustýringu, innri endurskoðun og regluvörslu.



## Þjónustumaður óskast á kæliverkstæði

Expert Kæling ehf. óskar eftir að ráða til starfa vélfræðing, vélvirkja, vélstjóra eða mann með mikla reynslu í faginu. Starfið felur í sér viðhald og uppsetningu véla og tækja tengt kæli og frystibúnaði, auk annarra tilfallandi verkefna.

Við leitum að laghentum og sveigjanlegum starfsmanni sem fellur vel að góðum hópi starfsfólks okkar. Grunnþekking í kælitækni er nauðsynleg og viðkomandi þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá á netfangið [sigurdur@expert.is](mailto:sigurdur@expert.is), en umsóknarfrestur er til 1. febrúar nk. Nánari upplýsingar gefur Sigurður í síma 660-2971 eða 517-4000.

Expert Kæling ehf. Dragháls 22, 110 Reykjavík. [www.expert.is](http://www.expert.is)



## Atvinnu- og viðburðafulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið Árborg auglýsir stöðu atvinnu- og viðburðafulltrúa lausa til umsóknar. Leitað er að reglusömum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur m.a. til að bera frumkvæði, góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf tengt ferðaþjónustu, viðburðum og fleiru í Sveitarfélaginu Árborg. Mikil uppbygging er í sveitarfélaginu sem er 9000 manna samfélag á Suðurlandi með 3 þéttbýliskjarna og hátt þjónustustig. Áhersla er lögð á samstarf í ferðaþjónustu á svæðinu ásamt aukinni afþreyingu og fjölbreyttum viðburðum og hátíðum. Með samstarfi í ferðaþjónustu er m.a. átt við upplýsingamiðstöðina sem rekin er í samvinnu Árborgar og Flóahrepps.

### Helstu starfssvið

- Umsjón með ferðaþjónustu og öðrum atvinnumálum
- Umsjón með daglegum rekstri upplýsingamiðstöðvar
- Umsjón með viðburðum og hátíðum í sveitarfélaginu
- Starfsmannahald í upplýsingamiðstöð í samráði við yfirmann
- Samskipti og samstarf við hagsmunaaðila í viðkomandi málaflokkum
- Stefnumótun í samráði við yfirmenn

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla úr ferðaþjónustu, viðburða- og/eða verkefnastjórnun er kostur
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Þekking á svæðinu er kostur
- Góð samskiptahæfni, sjálfstæði og frumkvæði
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags og um er að ræða 100% starf.

### Umsóknarfrestur rennur út 29. janúar næstkomandi.

Umsóknir skulu sendar á Sveitarfélagið Árborg, Ráðhúsinu, Austurvegi 2, 800 Selfossi eða með tölvupósti á [bragi@arborg.is](mailto:bragi@arborg.is) merkt „Starfsumsókn, atvinnu- og viðburðafulltrúi“.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi, í síma 480-1900, [bragi@arborg.is](mailto:bragi@arborg.is)

## Eftirlitsverkstjóri Þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar

Kópavogsbær óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf eftirlitsverkstjóra þjónustumiðstöðvar. Hér er um að ræða gott tækifæri fyrir þá sem hafa reynslu af framkvæmdum í jarðvegsvinnu og/eða malbiksframkvæmdum að nýta reynslu sína til að viðhalda og bæta gatnakerfi bæjarins.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Eftirlit með verktökum.
- Staðfestir magntölur og reikninga verktaka.
- Metur og merkir viðgerðarstaði malbiks og framkvæmir magnmælingar
- Staðfestir verklok framkvæmda.
- Fylgist með að öryggisatriði og merkingar verktaka séu í lagi.
- Sinnir öðrum eftirlitsstörfum sem til falla

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af jarðvegs- og eða malbiksframkvæmdum.
- Reynsla af eftirlitsstörfum kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Aukin ökuréttindi og vinnuvélapróf kostur.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

### Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2018. Nánari upplýsingar um starfið veitir Leifur Eiríksson, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í síma 441-9000 eða í tölvupósti [leifureiriks@kopavogur.is](mailto:leifureiriks@kopavogur.is).

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

Vísir hf. óskar eftir að fastráða vanan háseta á Sighvat Gk 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar um borð í síma 856-5770, hjá skipstjóra í síma 856-5775 eða á heimasíðu Vísir [www.visirhf.is](http://www.visirhf.is).



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur fjárstýringar	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201801/151
Sérfræðingur	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201801/150
Bókari	Landhelgisgæsla Íslands	Reykjavík	201801/149
Sérfræðingur	Menntamálastofnun	Reykjavík	201801/148
Umsjónarmaður fasteigna	Háskóli Íslands	Reykjavík	201801/147
Deildarstjóri Lagadeildar	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201801/146
Eftirlitsdýralæknir	Matvælastofnun	Selfoss	201801/145
Hjúkrunarfr./hjúkr.nemi, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201801/144
Sjúkraliði/sjúkral.nemi, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201801/143
Sjúkraliði, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201801/142
Móttökuritari	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201801/141
Sérfræðingur í heimilislækningum	Heilsugæslan Grafarvogi	Reykjavík	201801/140
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/139
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/138
Sjúkraflutningamenn, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201801/137
Sjúkraflutningamenn	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201801/136
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Menntavísindasvið	Reykjavík	201801/135
Lögfræðingur	Mannvirkjastofnun	Reykjavík	201801/134
Sálfræðingur	Landspítali, sálfræðiþjónusta	Reykjavík	201801/133
Eðlisfræðingur	Landspítali, geislaeðlisfræðideild	Reykjavík	201801/132
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, bráða- og göngudeild	Reykjavík	201801/131
Sérfræðingur í tölvudeild	Vinnumálastofnun	Reykjavík	201801/130
Sérfræðingur	Verðlagsstofa skiptaverðs	Akureyri	201801/129
Lögfræðingur	Fiskistofa	Akureyri	201801/128
Bókasafns- og upplýsingafr.	Landsbókasafn Íslands	Reykjavík	201801/127
Fjármála- og skrifstofustjóri	Menntaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201801/126
Sumarstörf læknanema	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201801/125
Sérfræðingur í hjúkrun	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201801/124
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, bæklunarskurðeild	Reykjavík	201801/123
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, Barnaspítali Hringins	Reykjavík	201801/122
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Hlíðum	Reykjavík	201801/121
Forritari	Stofnun Árna Magnússonar	Reykjavík	201801/120
Geislafræðingur	Geislavarnir ríkisins	Reykjavík	201801/119
Ráðgjafi	Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	Reykjavík	201801/118
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur	201801/117
Sálfræðingur	Landspítali, geðsvið	Reykjavík	201801/116
Hugbúnaðarsérfræðingur	Landspítali	Reykjavík	201801/115
Iðjupjálfar	Landspítali	Reykjavík	201801/114
Líffræðingur/sameindalíffr.	Landspítali, frumulíffræði	Reykjavík	201801/113
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, gjörgæsludeild	Reykjavík	201801/112
Sérfræðilæknar	Landspítali, svæfinga- og gjörgæslul.	Reykjavík	201801/111
Deildarlæknir á geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201801/110
Geðlæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201801/109
Starfsmenn í ræstingu og búri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201801/108
Aðstoðarm. á myndgreiningadeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201801/107
Starfsmaður í ræstingu	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201801/106

## Sérfræðingar í ráðningum



[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

**FAST**  
Ráðningar

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Starfsm. í aðhlyningu, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Siglufjörður	201801/192
Sjúkraliðar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Siglufjörður	201801/191
Hjúkrunarfræðingur, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Siglufjörður	201801/190
Móttaka og símavarsla, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Dalvík	201801/189
Starfsmaður í þvottahús, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/188
Ræsting, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/187
Móttökuritarar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/186
Starfsm. í aðhlyningu, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/185
Sjúkraliðar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/184
Hjúkrunarnemar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/183
Hjúkrunarfræðingar, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/182
Læknar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/181
Starfsmenn í eldhús, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201801/180
Ræsting, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/179
Móttökuritarar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/178
Hjúkrunarnemar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/177
Starfsm. í aðhlyningu, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/176
Sjúkraliðar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/175
Hjúkrunarfræðingar, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/174
Starfsmenn í eldhús, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201801/173
Ræsting, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/172
Móttökuritari, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/171
Móttaka og símavarsla, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Skagaströnd	201801/170
Starfsm. í aðhlyningu, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/169
Sjúkraliðar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/168
Hjúkrunarfræðingur, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/167
Starfsmaður í eldhús, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201801/166
Móttökuritarar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/165
Læknaritarar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/164
Hjúkrunarfr., heilsug., sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/163
Ljós móðir, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/162
Hjúkrunarfr., heimahj., sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/161
Félagliðar, sumar afleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/160
Sjúkraliðar/nemar, sumar afl.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/159
Skjalaritari	Skrifstofa Alþingis	Reykjavík	201801/158
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Firði	Hafnarfjörður	201801/157
Heilsugæsluritari	Heilsugæslan Efstaleiti	Reykjavík	201801/156
Lögfræðingur	Vinumálastofnun	Reykjavík	201801/155
Verkefnastjóri í Fab Lab	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201801/154
Vaktstjórar, sumarstörf	Vatnajökulspjóðgarður	Skaftafell	201801/153
Veitingasala, sumarstörf	Vatnajökulspjóðgarður	Skaftafell	201801/152



Við óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu.  
Vinnutími er frá 12:00 til 18:30

**Framtíðarstarf.**

Umsóknir sendist á

**[bjornsbakari@bjornsbakari.is](mailto:bjornsbakari@bjornsbakari.is)**

Merkt ATVINNA

## Móttökuritari og hjartalínurit

Læknasetrið óskað eftir að ráða starfsmenn í móttöku og hjartalínurit í fullt starf. Þarf að geta byrjað sem allra fyrst. Umsóknir óskast sendar á **[solrun@setrid.is](mailto:solrun@setrid.is)**. Upplýsingar í síma 535 7777.

Læknasetrið

Þönglabakka 1 og 6

109 Reykjavík



## Sviðsstjóri veitu-, framkvæmda- og umhverfissviðs

Húnaþing vestra óskar eftir að ráða lausnamiðaðan og metnaðarfullan einstakling í starf sviðsstjóra veitu-, framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra. Sviðsstjóri veitu-, framkvæmda- og umhverfissviðs fer fyrir framkvæmda-, umhverfis- og auðlindamálum en undir þau falla meðal annars vatnsveita, fráveita og hitaveita. Sviðið fer einnig með málefni brunavarna, rekstur eignasjóðs og þjónustumiðstöðvar, garðyrkju- og umhverfismála, hafnarsjóðs og annarra eigna er tilheyrta sveitarfélaginu. Á sviðinu starfa 7 manns og er starfsemin staðsett á Hvammstanga.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með veitu-, framkvæmda- og umhverfismálum sveitarfélagsins
- Vinna við almennan rekstur veitna, viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir veitumannvirkja
- Ábyrgð og gerð á fjármálum, fjárhags- og starfsáætlunum sviðsins
- Dagleg samskipti við viðskiptavini og starfsmenn sveitarfélags
- Stefnumótun í samstarfi við yfirstjórn sveitarfélagsins

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, verk- eða tæknifræðimenntun er kostur
- Reynsla við gerð verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlana
- Starfsreynsla við verklegar framkvæmdir
- Þekking, áhugi og reynsla af umsjón veitna er kostur
- Reynsla í mannlegum samskiptum þar sem áhersla er lögð á góða þjónustu
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarrestur er til og með 22. janúar 2018.

Umsóknur er hægt að skila á skrifstofu sveitarfélagsins, Ráðhúsinu, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, og á netfangið [skrifstofa@hunathing.is](mailto:skrifstofa@hunathing.is).

Umsóknur skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá. Nánari upplýsingar veitir Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri, sími 455-2400, netfang [gudny@hunathing.is](mailto:gudny@hunathing.is).

Samkvæmt jafnréttisstefnu Húnaþings vestra eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru 1.180. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþróttar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

# Hefur þú kíkt á Job.is?

job.is **visir**



# Skólameistari Tækniskólans

Starfið er laust til umsóknar - nánar á [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)



Tækniskólinn   
skóli atvinnulífsins

## » Ráðningarþjónusta

# Tæknimaður

Öflugt framleiðslu og innflutningsfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða tækni- eða verkfræðing til starfa með reynslu í byggingageiranum.

## » Starfslýsing

- Mælingar á verkefnum fyrirtækisins á byggingastöðum og hjá einstaklingum
- Magnataka, pantanir og utnumhald.
- Hönnun og teiknun á smíðahlutum.
- Eftirlit og mælingar
- Tilboðsgerð og önnur tilfallandi verkefni

## » Hæfniskröfur

- Tæknimenntun eða sambærilegt
- Reynsla í byggingageiranum
- Reynsla í Autocad eða Inventor teikniforritum
- Góð tölvukunnátta æskileg
- Góð enskukunnátta
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir bednir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



HLJÓMAHÖLL

## Umsjónarmaður veitinga / verkefnastjóri

Umsjónarmaður veitinga í Hljómahöll er ábyrgur fyrir allri veitingaþjónustu í húsinu s.s. vínveitingum, aðkeyptri vöru og þjónustu, eftirliti og samskiptum við utanaðkomandi veitingamenn auk eftirlits og umsjónar með eldhústækjum og búnaði Hljómahallar. Um fullt starf er að ræða. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi þjónustulund og vera mjög sveigjanlegur varðandi vinnutíma þar sem viðburðir í Hljómahöll geta verið jafnt á daginn sem og um kvöld og helgar.

### Verksvið

- Umsjón og eftirlit með allri veitingaþjónustu í húsinu við hin ýmsu tækifæri og á öðrum viðburðum hjá Reykjanesbæ sé þess óskað
- Umsjón og eftirlit með eldhústækjum, borðbúnaði og öðrum tengdum búnaði
- Viðvera og þjónusta þegar boðið er upp á veitingar í húsinu
- Umsjón með salaleigu
- Verkefnastjórn, samskipti, ráðgjöf og aðstoð við leigutaka við undirbúning viðburða
- Samskipti við veitingamenn sem koma í húsið og starfsfólk þeirra
- Ráðningar, mönnun og stjórnun þjónustufólks
- Uppröðun og undirbúningur sala og húsbúnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

### Hæfniskröfur

- Menntun eða mikil reynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta s.s. Word, Excel, tölvupóstur o.fl.
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslensku og ensku kunnátta, talað og ritað

Umsækjandi þarf að náð amk. 25 ára aldri.

**Umsóknarfrestur er til og með 1.febrúar n.k.**

Umsókninni um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Tómas Young ([tomas@hljomaholl.is](mailto:tomas@hljomaholl.is)), framkvæmdastjóri Hljómahallar.

# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafarþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum



[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

**FAST**  
Ráðningar

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)



## Veitingarými

**Rekstur veitingasölu í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar**

Óskað er eftir tilboðum í leigu á veitingarými í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar að Strandgötu 34, Hafnarfirði.

Veitingaaðstaðan býður upp á ýmsa möguleika, aðstaðan hefur sérstakan inngang og er rýmið aðskilið frá annarri starfsemi Hafnarborgar. Vinnuaðstaðan býður upp á framreiðslu á kaffiveitingum og léttum málsverðum. Gert er ráð fyrir að nýr rekstraraðili taki til starfa sem fyrst.

Allar frekari upplýsingar veitir forstöðumaður Hafnarborgar Ágústa Kristófersdóttir í síma 585-5790. **Rýmið verður opið til skoðunar miðvikudaginn 24. janúar milli 13 og 15.**

Áhugasamir skili tillögum fyrir 5. febrúar í Hafnarborg eða þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar. Áætlað er að ákvörðun um val á samstarfsaðila liggi fyrir í mars.

**HAFNARFJARÐARBÆR**  
**585 5500**  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)





## Efling-stéttarfélag auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar hluta stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2018-2020. Kosnið er listakosningu.

Tillögur skulu vera um 8 stjórnarmenn til tveggja ára samkvæmt 10. gr. laga félagsins. Um er að ræða formann og gjaldkera auk sex meðstjórnenda en auk þess tvo skoðunarmenn reikninga og einn varamann þeirra.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánuðeginum 22. janúar 2018.

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 16.00 mánudaginn 29. janúar nk.

Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

**Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags**



## Ertu í ljósi?

Starfar þú við viðburðalýsingu og hefur gert það í nokkur ár?

Kynningarfundur um raunfærnimat í viðburðalýsingu verður á Stórhöfða 27 miðvikudaginn 31. jan. 2018 kl. 17:00.

Markmiðið með raunfærnimati er að meta færni og gefa út staðfestingu á henni.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins [www.rafnam.is](http://www.rafnam.is) - Raunfærnimat eða í síma 580 5256

## ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

• Suðurlandsbraut milli Engjavegar og Langholtsvegar. Göngu- og hjólastigar, útboð nr. 14136.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg  
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)



Sveitarfélagið  
ÁRBORG

## ÚTBOÐ

### Hagaland 2. áfangi 2018 Gatnagerð og veitur

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið „Hagaland 2. áfangi 2018 – Gatnagerð og veitur“. Verkið felst í jarðvinnu vegna gatnagerðar, fráveitulagna og veitna ásamt lagnavinnu, malbikun og yfirborðsfrágangi.

Útboðsgögn verða afhent á usb-lykli á skrifstofu Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar við Austurveg 67 á Sel-fossi, frá og með mánuðeginum 22. janúar nk. kl. 13:00.

Tilboðum skal skilað á sama stað fyrir kl. 11:00 föstudaginn 9. febrúar 2018. Tilboð verða opnuð sama dag kl. 11:00, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Verklok eru 15. september 2018.

#### Helstu magnþölur eru:

• Gröftur á lausu efni	15.700 m <sup>3</sup>
• Fleygun	1.640 m <sup>3</sup>
• Neðra burðarlag	1.760 m <sup>2</sup>
• Fráveitulagnir	2.000 m
• Vatnsveitulagnir	5.850 m
• Stofnskurðir veitna	290 m
• Malbikun	4.525 m <sup>2</sup>

*Framkvæmda- og veitusvið Árborgar*

## Almennt útboð



### Bólstaðarhlíð 41. Endurnýjun þaks.

Stjórn Bólstaðarhlíðar 41 kt. 670487-1219 óskar eftir tilboðum í verkið endurnýjun á þaki sjö hæða blokkar. Verkið nær til endurnýjunar á þakpappa og þakjarni ásamt viðgerð á þakkanti.

#### Helstu magnþölur eru:

Fallvarnir eru 95 m
Þakflötur er 500 m <sup>2</sup>
Þakkantar eru 55 m

Upphaf framkvæmdartíma, maí 2018

Verkinu skal vera lokið eigi síðar en 31. ágúst 2018

Útboðsgögn verða afhent rafrænt

Áhugasamir sem óska eftir útboðsgögnum sendi póst þess efnis á netfangið: [kristinn@h45.is](mailto:kristinn@h45.is)

Tilboð verða opnuð: 8. febrúar 2018

Frekari upplýsingar veitir Baldurs Einarsson í síma: 893 9903 eða [baldureinars@simnet.is](mailto:baldureinars@simnet.is)



## STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVÍKURBORGAR

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

#### Eftirtaldir upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Tímaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun.
4. Ljósmynd af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmynd ef hún er til.

Frekari upplýsingar eru veittar í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni sem opin er á miðvikudögum frá kl. 15-17 og í síma 411 6333 á sama tíma.

Umsóknir eru eingöngu móttæknar á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á rafrænni Reykjavík; <http://rafraen.reykjavik.is>.

Opnað verður fyrir aðgengi að umsóknum þann 20. janúar 2017, kl. 13:00, og lokað verður 20. febrúar 2017, kl. 23:59.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað verður 2018 og verða ekki nýttir á árinu falla niður.



MOSFELLSBÆR

### Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030:

#### Tillaga að breytingu – vatnsgeymir í austurhlíðum Úlfarsfells sunnan Skarhólabrautar

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mosfellsbær áformar að reisa nýjan vatnsgeymi í austurhlíðum Úlfarsfells suður af Skarhólabraut. Geymirinn mun þjónusta fyrirhugaða byggð í Lágafelli en einnig auka þrýsting í Mýrum og Krikum en það hefur lágur þrýstingur valdið vissum vandamálum. Breytingin felst í því að skilgreind er iðnaðarlóð (II) á fyrrgreindu svæði sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem „Óbyggð svæði Ó/ÓB“.

Breytingartillagan verður til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar þverholti 2, frá 22. janúar 2017 til og með 5. mars 2018 og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:

[mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar](http://mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 5. mars 2018. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs.

22. janúar 2018,  
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
olafurm@mos.is

þverholti 2 • 270 Mosfellsbær  
Sími 525 6700 • [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) • [www.mos.is](http://www.mos.is)

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSKENNI • UMHYGGJA

ráðum  
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi.

### Akrakór 5. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi við Akarakór 5. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss verði byggt parhús á lóðinni, byggingarmagn er aukið úr 400 m<sup>2</sup> í 544 m<sup>2</sup>, heimilaðar verði útbýggingar á efri hæð út fyrir byggingarreit 2,5 x 7,5 á hvorri hlið, hámarkshæð verði 6,6 m í stað 6,3 miðað við aðkomuhæð. Heimilaðar verði svalir á suðurhlið hússins 1,7 m út fyrir byggingarreit. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:250 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 18. desember 2017.

Ofangreind tillaga verður til sýnis í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is). Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 12. mars 2018.

*Skipulagsstjóri Kópavogs.*

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi

### Vatnsendi. Milli vatns og vegar. Vatnsendablettir 730-739. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar að Vatnsendabletti 730-739.

Skipulagssvæðið sem er um 1.5 ha að stærð afmarkast af lóðarmörkum Vatnsendabletts 1 (Elliðahvamms) til suðurs, Elliðahvammsvegi til vesturs, Vatnsendabletts 3 og Gilsbakka til austurs og Vatnsendabletts 5 til norðurs.

Í breytingunni felst fjölgun íbúða og lóða og tilfærsla á byggingarreitum. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einni íbúð á þeim 10 lóðum sem liggja innan skipulagssvæðisins en breytingartillagan gerir ráð fyrir 7 parhúsum, fjörbýlishúsi og fjölbýlishúsi með 5 íbúðum, alls 23 íbúðir. Á skipulagssvæðinu er skúr sem ráðgert er að fjarlægja. Skilmálar nýbygginga breytast á þann veg að hámarks grunnflötur hverrar íbúðar í parhúsi má að hámarki vera 154 m<sup>2</sup> og heildar byggingarmagn 308 m<sup>2</sup>. Hámarksbyggingarmagn fjörbýlishúss er 620 m<sup>2</sup> og fjölbýlishússins 750 m<sup>2</sup>. Hámarksveggshæð frá aðkomuhæð er 6.8 m og hámarksþakhæð 7.5 m. Pakform er frjálst. Aðkomuvegur að Gilsbakka og lóðir flytjast 5 metra til suðurs til að gefa gott pláss fyrir reið- og gönguleið sunnan manar við lóðina Vatnsendablett nr. 5. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á lóðunum að Vatnsendabletti 3 og 6 og að Gilsbakka.

Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulag fyrir Vatnsenda, svæðið milli vatns og vegar, samþykkt í bæjarstjórn 8. maí 2001 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 27. júní 2001.

Tillagan er sett fram á upprætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er til kynningar á heimasíðu bæjarins, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 12. mars 2018.

*Skipulagsstjóri Kópavogs.*



MOSFELLSBÆR

### Kynning á verkefnislýsingu:

Breytingar á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030  
Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar verkefnislýsingu skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

#### Landbúnaðarsvæði við Hríbrú í Mosfellsdal:

Breytingin felst í að 10.6 ha. spildu úr landbúnaðarsvæði (205-L) er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði (243-AF). Við það breytast einnig yfirlitstöflur landbúnaðarsvæða í kafla 4.14 og afþreyingar- og ferðamannasvæða í greinargerð aðalskipulags.

Á svæðinu er fyrirhugað að reisa höfðingjasetur með skírskotun til íslenskrar miðaldamenningar.

Í verkefnalýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem viðja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa.

Verkefnalýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð verholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

[mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar](http://mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar)

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs og er æskilegt að þær berist fyrir miðjan miðjan febrúar 2018.

20. janúar 2018,

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
olafurmf@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær  
Sími 525 6700 • [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) • [www.mos.is](http://www.mos.is)

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Ný og fersk störf  
á hverjum degi



[job.is](http://job.is) *vísir*



Ánægðir viðskiptavinir  
eru okkar besta auglýsing



[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

**FAST**  
Ráðningar

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)



## Styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2018

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla vegna endurmenntunarverkefna skólaárið 2018-2019.

Þeir sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir félagsmenn í Félagi grunnskólakennara (FG) og Skólastjórufélagi Íslands (SÍ) geta sótt um framlög úr sjóðnum, þar á meðal grunnskólar, skólaskrifstofur, sveitarfélög, háskólar, símenntunarstofnanir, félög, fyrirtæki og aðrir. Gert er ráð fyrir að endurmenntunarverkefnum verði að fullu lokið eigi síðar en við lok skólaársins 2018-2019. Verði ekki unnt að ljúka námskeiðum innan þeirra tímamarka fellur styrkveiting niður.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að allt að þriðjungi ráðstöfunarfjár verði úthlutað til verkefna sem tengjast eftirfarandi áherslurviðum:

- bekkjarbragur
- lærdómssamfélagið
- foreldrasamvinna

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, [www.samband.is](http://www.samband.is). Umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið á móti viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni.

Í umsóknum skal gefa ítarlegar upplýsingar um hvers konar endurmenntun umsækjandi hyggst bjóða, m.a. innihald, skipulag og markmið verkefnis/námskeiðs, stað og tíma, áætlaðan fjölda þátttakenda, fyrirlesara, ábyrgðarmann og annað það sem máli kann að skipta við mat á umsókn. Einnig skal tilgreina áætlaðan kostnað. Þær umsóknir einar koma til álita sem sýna fram á að endurmenntunarverkefnin mæti þörfum grunnskólans, séu byggð á skólastefnu, aðalnámskrá, fagmennsku og gæðum. Styrkir eru eingöngu greiddir vegna launakostnaðar fyrirlesara. Annar kostnaður er ekki greiddur.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um hverjir fá styrk verður gerður sérstakur samningur um hvert endurmenntunarverkefni.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2018.**

Stefnt er að því að svarbréf berist umsækjendum fyrir apríllök 2018.

Reglur um Endurmenntunarsjóð grunnskóla er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, [www.samband.is](http://www.samband.is) og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér þær.

Nánari upplýsingar um Endurmenntunarsjóð grunnskóla veitir Klara E. Finnbogadóttir í síma 515 4900 eða í tölvupósti á [klara.e.finnbogadottir@samband.is](mailto:klara.e.finnbogadottir@samband.is).

## THE SCANDINAVIA-JAPAN SASAKAWA FOUNDATION

### AUGLÝSING UM STYRKI

Íslandsdeild Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation veitir á árinu 2018 nokkra styrki til að efla tengsl Íslands og Japans. Styrkir eru veittir til verkefna í samstarfi eða í tengslum við japanska aðila. Veittir eru m.a. ferðastyrkir, námsstyrkir og styrkir til skammtímadvalar í Japan.

Allar upplýsingar um umsóknarferlið er að finna á heimasíðu Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, [www.sjsf.se](http://www.sjsf.se)

Fyrir hönd fulltrúa Íslands í stjórn Scandinavia-Japan Sasakawa Foundation, veitir ritari Íslandsdeildar, Björg Jóhannesdóttir, allar frekari upplýsingar, [bjorgmin@gmail.com](mailto:bjorgmin@gmail.com), sími: 820-5292.

**Umsóknarfrestur rennur út 1. mars 2018.**



Barnavináfélagið Sumargjöf  
Stofnað 1924

## Styrkir til verkefna í þágu barna árið 2018

Barnavináfélagið Sumargjöf auglýsir hér með til umsóknar styrki á sviði rannsókna, lista og þróunarverkefna í þágu barna.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að fylla út umsókn á sérstöku eyðublaði sem vistað er á vef félagsins og senda það síðan í viðhengi á tölvupóstfang Sumargjafar [sumargjof@simnet.is](mailto:sumargjof@simnet.is) að lokinni útfyllingu.

Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsins [sumargjof.is](http://sumargjof.is)

Stjórn Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefni og leita umsagnar fagaðila.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2018**

Reykjavík 18. janúar 2018  
Barnavináfélagið Sumargjöf

Vorsabær 3, einbýli í hjarta Árbæjar.

**OPIÐ HÚS 22. JANÚAR, 17:30 - 18:00**

VERÐ 75 mkr.



194,4 fermetrar - 39,5 fm bílskúr.  
4 svefnherbergi, 2 baðherbergi.  
Góðar stofur - sólskáli með arni.  
Gott viðhald undanfarin ár.  
Stutt í grunnskóla og þjónustu.  
Örstutt í útivistarperlur Elliðaárdals.

FASTEIGNASALAN BÆR  
3 fylgja. Þeir sem álpast í rangan skáp eru litnir hornauga, ekki það að skápar séu sérmerktir en það gilda sterkar hefðir í þessum efnunum. Það sama á við um tímasetningar sundferðanna, blaðamaður sem er sundfíkill og á það til að fara á milli



lauga hefur jafnvel fengið að heyrast: „Sæl, ert þú von að koma á þessum tíma?“ Þegar hún mætir í ranga laug á vitlausum tíma.

„Hér eru mikilvægustu menn Kópavogs, hérna eru málin leyst.“ Þeir voru spráðaralegir herra-



4 mennirnir að lokinni sundferðinni, komnir á seinni bollann og skegg-ræddu tillögu hópsins um að veita Ólafi Hauki Simonarsyni, félagi þeirra, riddarakross. „Það er ómögulegt að enginn okkar sé með orðu, það verður að bæta úr því.“

Þegar blaðamaður og ljósmyndari kvöddu var ekki komið fararsnið á félagana, þeir sátu sem fastast uppteknir við að njóta samverunnar og félagsskaparins. Kærleikurinn á sér ýmsar birtingarmyndir.  
astahrafnhildur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HÉR ERU MIKILVÆGUSTU  
MENN KÓPAVOGS, HÉRNA  
ERU MÁLIN LEYST.**

**1.** Markús Örn naut þess að hvíla sig í sólinni. „Frúin er að synda, við erum reglulegir gestir hér en förum líka út á Nes og berum laugarnar saman. Saltvatnið í Neslauginni er þægilegt og auðvelt að synda þar en eimbaðið hér í Vesturbæjarlauginni er einstakt. Hér er gott að vera.“

**2.** Þeir halda hópinn og mæta á hverjum degi í Sundlaug Kópavogs. Hér eru öll heimsins vandamál rædd og leyst. Félagarnir eru tólf talsins og fara tvisvar á ári saman út að borða og svo er skálað í snafs um áramót og á Þorlák. Í þennan hóp veljast bara eðalmenni að þeirra sögn.

**3.** Prenningin Axel, Heiða og Eiríkur mæta daglega í Kópavogslaugina. „Ég nenni nú ekki að synda á hverjum degi en ég fæ svo mikið út úr því að ganga hingað. En ég missi ekki úr dag,“ sagði Heiða og undir það tóku sessunautar hennar sem sögðust báðir vera íðnir við að synda.

**4.** „Þetta er geggið,“ sögðu bresku hjónin John og Samantha, en þau voru í stuttu stoppi á Íslandi og fóru í sund alla dagana. „Við erum algjörlega kolfallin fyrir þessu.“ Hjónin voru snögg að samþykkja myndatöku og báðu fyrir góðar kveðjur til Íslendinga.

**5.** Vatnsleikfimin í Kópavogslauginni er feykivinsæl. Íðkendur láta kuldann ekki stoppa sig og mæta með skrautleg höfuðföt til varnar honum og gefa þeim mun meira í spriklið.

**6.** „Ég er nú ekki dugleg að sækja laugarnar en barnabarnið býr erlendis og vildi fara beint í sund,“ sagði Þórunna og skemmti sér greinilega vel með barnabarninu, Erni Páli.

**7.** Eiríkur Ingi lét ærsl skóla-krakkanna ekki trufla sig og naut þess að slaka á eftir sundsprett dagsins.

# GÓÐ VERÐ Í JANÚAR

**SNAPPLE 473 ML 169**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 159 KR/STK  
357 KR/L

**SPARKLING ICE 500 ML 129**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 129 KR/STK  
258 KR/L

**JAMBOZ PRISTUR 250 G 299**  
KR/PK  
VERÐ AÐUR 249 KR/PK  
1.196 KR/KG

**KELLOGG'S SPECIAL K 5\*21,5 G 199**  
KR/PK  
VERÐ AÐUR 149 KR/PK  
1.851 KR/KG

**KELLOGG'S SPECIAL K RED BERRY 21,5 G 69**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 64 KR/STK  
3.209 KR/KG

**VIT-HIT 500 ML 199**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 199 KR/STK  
398 KR/L

**RÍSKÖKUR 100 G 199**  
KR/PK  
VERÐ AÐUR 199 KR/PK  
1.990 KR/KG

**COLD PRESS 250 ML 4 TEG. 249**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 249 KR/STK  
996 KR/L

**NUTKAO SNACK 52 G 69**  
KR/PK  
VERÐ AÐUR 59 KR/PK  
1.327 KR/KG

**KRAFTUR 44 G 169**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 169 KR/STK  
3.841 KR/KG

**CORNÝ 50 G 69**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 69 KR/STK  
1.380 KR/KG

**SNAXY PORK ROLL 50 G 199**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 199 KR/STK  
3.980 KR/KG

**HLEÐSLA 250 ML 169**  
KR/STK  
VERÐ AÐUR 169 KR/STK  
676 KR/L

**TORO KARRÍ OG SVEPPASÓSA 169**  
KR/PK  
VERÐ AÐUR 159 KR/PK

**OPÍÐ 24 TÍMA**

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**  
Löggiltur rafverktaki  
Sími: **696 5600**  
rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**  
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



## Saga til næsta bæjar




### Stefán Pálsson skrifar um loftkastala.

Víð kvöldborðið spurði ég hvort nokkur vildi kaupa happdrættismiða fyrir æskulýðshöll. Önnur eins myndni hafði ekki heyrst við þetta borð síðan nýja vinnukonan lýsti yfir því að hún ætlaði að læra á orgel. Súpan stóð í boga framúr miðbörnunum. Elsti sonurinn, sem var fastamaður í vinnu hjá alheimspjóningunni, lét þó við sitja að renna uppá mig augum blöndnum meðaumkun og kligju.

Í upphafi Atómstöðvar Halldórs Laxness kemur norðanstúlkan Uglu sér í vandræði hjá fyrirfölkunni í Reykjavík, þar sem hún er vistráðin, með því að voga sér að draga fram happdrættismiða sem henni höfðu áskotnast hjá ungu pari í hverfisbakariinu. Frúin á heimilinu rifur miðana í tætlur og hótar Uglu brottrekstri, þar sem æskulýðshöll sé ekkert annað en fyrirláttur kommúnista sem hyggist halda þar sellufundi. Uppákomman verður þó einnig til þess að húsaðirinn, íhaldsþingmaðurinn Búi Árland, veitir ungu stúlkunni athygli í fyrsta sinn, sem síðar þróast í skammvinnt en afdrifaríkt ástarsamband.

Atómstöðin er langpólitískasta skáldsaga Halldórs Laxness eða í það minnsta það verka hans þar sem samtímastjórnsmál voru í hvað veigamestu hlutverki. Auk þess að vera ástarsaga er bókin pólitísk spásögn þess efnis að ráðamenn landsins stefndu leynt og ljóst að því að koma bandarískri herstöð til Íslands og svikja þannig sjálfstæði landsins að mati höfundar. Að auki var sagan krydduð með ótal vísunum í ýmsar dægurflugur stjórnsmálanna, reykviskar kjaftasögur og menningarmál.

Lesendur fengu Atómstöðina í hendur í lok mars 1948 og var sagan að mestu skrifuð á árinu 1947. Á þeim tíma var bygging æskulýðshallar í Reykjavík fyrst og fremst áhugamál Æskulýðsfylkingar Sósíalístaflokksins sem ályktaði um það á öllum sínum þingum. Í hugum ungra sósíalísta var æskulýðshöllin hugsuð sem athvarf fyrir ungmenni Reykjavíkur, sem myndi gefa þeim kost á heilnæmum tómstundum en bjarga frá sjoppuhangi og heiladaðu bíóglápi amerískra vellumynda. Það að höll þessi væri ekki löngu risin var að þeirra mati einungis til marks um andstöðu Sjálfstæðisflokksins í höfuðstaðnum við þetta framfara-



# Höll æskulýðsins

mál sem hlyti að skýrast af ótta við æskuna og þjónkun við eigendur lágkúrulegra skemmtistaða.

Þessi þróun æskulýðshallarmálsins sem sérstaks hugðarefnis sósíalísta var sérkennileg í ljósi þess hvernig til þess var stofnað. Fáeinum árum áður hafði þverpólitísk samstaða ríkt um hugmyndina um æskulýðshöll og allir flokkar keppst við að lýsa sig fylgjandi henni.

#### Meningarsnaud dansskróll

Sjálfstæðið „æskulýðshöll“ virðist fyrst hafa ratað á síður dagblaðanna árið 1942. Reykjavík var þá full af hermönnum og þrengsli mikil bæði á heimilum og á opinberum samkomustöðum. Kaupmáttur jókst mjög á stríðsárunum, einnig meðal ungmenna, en á sama tíma var skortur á afþreyingu nánast algjör. Fátt annað var í boði en að sækja kvikmyndahúsin, sem voru svo vinsæl að svartamarkaðsviðskipti urðu til með aðgöngumiða.

Sama ár var Ungmennafélag Reykjavíkur stofnað með viðhöfn, en fyrri ungmennafélag bæjarins höfðu meira og minna lagnast út af. Hið nýja félag hugðist starfa á breiðari grundvelli en þau íþróta-

félög sem fyrir væru og horfa þar til fyrirmynda úti á landi. Hof það þegar baráttu fyrir byggingu félagsheimilis reykviskrar æsku – Æskulýðshallar.

Skúli H. Norðdahl, formaður UMFR, lýsti skömmu síðar þörfinni á að reisa slíka miðstöð: „Æskan á engan opinberan samastað, nema ef vera skyldi á götunni, á menningarsnaudum dansskróllum, í óþrifa- legum kaffistofum eða kvikmynda- húsum sem sýna lélegar myndir til þess að þjóna gróðafíkn eigendanna. Upp úr þessum jarðveg spretta svo götustrákar og götustelpur, vandræðamenn og vandræðakonur, er verða að kærkomnu slúðursögufefni borgarblaðanna og viðfangsefni lög- reglu og dómstóla. Síðan eru hinir hamingjusnaudu unglingar dæmdir óbótamenn og úrkast þjóðfélagsins, auglýstir sem slíkir í blöðum og útvarpi og sviptir möguleikunum til þess að snúa á rétta leið og lifa hinu heilbrigða menningarlífi, sem sér- hver æskumaður og kona á rétt til.“

En hvaða starfsemi átti þá að fara fram í æskulýðshöllinni sem gegndi þessu mikilvæga mannbótahlutverki? Í skýrslu sem unnin var fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1944 voru settar fram nákvæmar tillögur með þarfagreiningu. Húsið skyldi hafa að geyma kaffistofu fyrir 120 manns; fjórar setustofur þar sem lægju dagblöð, tímarit og töfl; „dyngja“ (sérstök setustofa fyrir konur) með tilsögn í hannyrðum á tilteknum tímum; smíðastofa fyrir handavinnu pilta; borðtennisherbergi; húsnæði fyrir Bæjarbókasafn Reykjavíkur; þrjú litlir fundarsalir (40, 80 og 120 manna) og einn 300 manna með áhorfendaaðstöðu og leiksviði; íbúðir fyrir húsvörð, forstjóra og annað starfsfólk og 8-10 skrifstofuherbergi fyrir ýmis félagasamtök.

Stjórnmalaflokkarnir í bæjarstjórn gátu komið sér saman um að ráðast í byggingu á grunni þessara hugmynda að því tilskildu að ríkið legði til helm- ing byggingarkostnaðar. Flutti Bjarni Benediktsson borgarstjóri, sem einnig átti sæti á Alþingi, frumvarp um byggingu Æskulýðshallar það en fékkst ekki afgreitt þrátt fyrir itrek- aðar tilraunir á nokkrum þingum. Eftir að ljóst varð að erfitt yrði að sækja fé í hirslur ríkisins dofnadi nokkuð áhugi Sjálfstæðismanna á málinu og í blöðum þeirra mátti æ oftast sjá þau sjónarmið að ekki væri

allt unnið með því að reisa skraut- hallir og æskulýðsstarf ætti fremur að snúast um innihald en steinsteypu, en andstæðingar þeirra á vinstri- vængnum forhertust að sama skapi í að dásama kosti æskulýðshalla, eins og áður hefur verið rakið.

#### Bitist um bragga

Það var þó ekki baráttu sósíalísta heldur erjur í íþróttahreyfingunni sem urðu til þess að endurlífga æskulýðshallarmálið. Árið 1946 festi nýstofnað Íþróttabandalag Reykjavíkur kaup á Hálogalandi, gömlum íþróttahússbragga breska hernáms- liðsins við Sudurlandsbraut. Kaupin ollu óánægju þriggja sterkustu íþróttafélaga bæjarins: ÍR, Ármanns og KR, sem höfðu sjálf haft augstað á húsinu en þurftu nú að deila því með hinum Reykjavíkurfélögunum.

Stóru félögin þrjú ákváðu því að taka höndum saman með Ungmennafélagi Reykjavíkur og stofnuðu árið 1948 ný samtök, öðrum þræði til höfuðs ÍBR. Samtökin fengu nafnið: Bandalag æskulýðs- félaga í Reykjavík, BÆR, og höfðu á að skipa ýmsum aðilum á borð við bindindisfélög, skáta- og íþróttahallir og síðar slógust unglíðahreyfingar stjórnmalaflokkanna í hópinn. Til að styrkja hópinn enn frekar var talið snjallt að tryggja sér stuðning kirkjunnar og var séra Ásmundur Guðmundsson, síðar biskup, fenginn til að gegna formennsku. Þótti það nokkuð óvenjulegt val á formanni æskulýðssamtaka, enda stóð Ásmundur á sextugu.

Þegar stjórnmalahreyfingarnar og kirkjan voru komnar um borð, töldu aðstandendur BÆR öruggt að fjármunir fengjust bæði frá ríki og borg. Var því nýju lífi blásið í æskulýðs- hallarhugmyndina, en að þessu sinni með nokkuð öðrum áherslum. Upp- haflegu tillögurnar höfðu að mestu snúist um að útbúa tómstundaað- stöðu og athvarf fyrir ungt fólk til að hittast og spjalla yfir kaffibolla eða á litlum fundum. Stjórnendur BÆR vildu hins vegar slá fleiri flugur í einu höggi.

Íþróttafélögin innan bandalags- ins lögðu áherslu á að fá íþróttasali: litinn æfingasal og stóran íþróttasal með áhorfendaaðstöðu sem hýst gæti stórleiki og uppfyllti alþjóðlega staðla. Fulltrúar kirkjunnar innan BÆR gátu tekið undir þessa kröfu,

enda bráðvantaði húsnæði í Reykja- vík fyrir stærri trúarsamkomur og fátt sem benti til að byggingu Hall- grímskirkju lyki í bráð.

Stofnað hafði verið hlutafélag í Reykjavík um byggingu og rekstur skautahallar og þótti liggja beint við að slá þessum tveimur hugmyndum saman. Meginbygging hinnar nýju æskulýðshallar skyldi því vera fjöl- nota skauta- og íþróttasalur með fjölda áhorfendastaða. Út frá honum skyldu svo rísa í áföngum ýmsar tengi- byggingar með kvikmyndasal, mótuneyti, fundaherbergjum, búningsklefum og minni íþróttasölum.

Gisli Halldórsson arkitekt var fenginn til að hanna bygginguna, enda sérfræðingur í gerð íþróttamannvirkja. Reykjavíkurbær úthlut- aði lóð við Sigtún og ráðist var í jarðvegsvinnu. Húsið var risavaxið á þeirra tíma mælikvarða, rétt tæpir 50 þúsund rúmmetrar að stærð. Til samanburðar var Þjóðleikhúsið þá talið stærsta hús landsins en ekki nema um 35 þúsund rúmmetrar.

Ekki hafði arkitektinn mikla trú á verkefni og í endurminningum sínum segist Gisli aldrei á ævinni hafa teiknað byggingu sem hann væri jafn sannfærður um að yrði aldrei að veruleika. Fyrir vikið teikn- aði hann húsið í mun stærri skala en vant var með slíkar teikningar. Hafa ber í huga að Gisli var sjálfur andsnú- inur verkefni, enda forystumaður í ÍBR og því ekki hlutlaus í málinu. Spádómurinn stóð þó fyrir sínu. Engir fjármunir fengust frá ríkinu og framkvæmdum við æskulýðshöllina í Sigtúni lauk áður en tókst að hræra neina steypu.

Þegar æskulýðshallardraumurinn var úti fjaraði hratt undan BÆR. Bandalagið gerðist þó einn af bygg- ingaradilum Laugardalshallar, en framkvæmdir við hana hófust árið 1959. Hlutar BÆR í verkefni var ekki nema 4% og á miðjum fram- kvæmdatímanum tók ÍBR yfir skuld- bindingar bandalagsins.

Áður en til þess kom tókst Ásmundi Guðmundssyni þó að hafa veigamikil áhrif á hönnun hússins, en hann kom því til leiðar að allir áhorfendapallar voru hafðir á sömu hlið hallarinnar í stað þess að vera beggja vegna íþróttavallarins eins og algengara var. Rökin fyrir þessari tilhögun voru þau að auðveldara yrði að nota íþróttahúsið fyrir stórar guðspjónustur með því móti. Áratug- um saman hafa íþróttahugamenn furðað sig á þessari sérkennilegu hönnun, án þess að hafa hugmynd um að hún væri runnin undan rifjum rúmlega sjötíu ára gamals æskulýðs- frömuðar og biskups.

# KOMDU

# í

# KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17



**Helgi Jón Harðarson**  
Sölustjóri / Eigandi  
helgi@hraunhamar.is  
893 2233



**Freyja Sigurðardóttir**  
Lögg. fast. / Eigandi  
freyja@hraunhamar.is



**Magnús Emilsson**  
Lögg. fast. / Eigandi  
magnus@hraunhamar.is  
898 3629



**Ágústa Hauksdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
agusta@hraunhamar.is



**Hilmar Þór Bryde**  
Sölumaður  
hilmar@hraunhamar.is  
892 9694



**Hlynur Halldórsson**  
Löggiltur fasteignasali  
hlynur@hraunhamar.is  
698 2603



**Hildur Loftsdóttir**  
Ritari / skjalavinnsla  
hildur@hraunhamar.is  
693 2989



**Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
andrea@hraunhamar.is

### ERLUÁS EINBÝLI 252 FM 105 MILLJ.



Glæsilegt vandað einbýli á einni hæð með innbyggðum rúmgóðum tvöföldum 60 fm bílskúr. Einstök staðsetning í Áslandshverfinu og stórkostlegt útsýni yfir bæinn og fjörðinn. Upplýsingar veitir Helgi Jón Harðars. 893-2233

### KLUKKUELLIR FJÖLBÝLI 116 FM 47,9 MILLJ.



Glæsileg nýleg, rúmgóð og björt 4ja herb. endaíbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Góð staðsetning á Völlum sérstaklega til framtíðar litið. Möguleiki er að loka svölunum. Laus strax Upplýsingar veitir Helgi Jón Harðars. 893-2233.

### BERJAVELLIR FJÖLBÝLI 103 FM 41,9 MILLJ.



Sérlega falleg 4ra herb. íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi. Afgirt verönd.


Upplýsingar veitir Hlynur Halldórs. 698-2603

### HNOÐRAVELLIR ENDARAÐHÚS 198 FM 67,9 MILLJ.



Fallegt endaraðhús í Vallarhverfinu. Húsið er á einni hæð og er innarlega í lokuðum botnlanga. Möguleiki á fimm svefnherb. Nýtt harðparket. Upplýsingar veitir Hlynur Halldórs. 698-2603

### VÖRÐUBERG RAÐHÚS 169 FM 66,4 MILLJ.



Mjög fallegt 5 herb. raðhús með bílskúr. Góð staðsetning í hinu vinsæla Setbergslandi. Stutt í verslanir, íþróttasvæði FH ofl. Skjólgóður garður með geymsluskúr. Upplýsingar veitir Helgi Jón Harðars. 893-2233

### STRANDGATA NÝBYGGING 4 ÍBÚÐIR.



Nýjar og sérlega fallegar íbúðir í hjarta Hafnarfjarða. Allar íbúðirnar eru með séringangi og með glugga í þrjár áttir, aukin lofthæð. Íbúðirnar eru til afhendingar við kaupsamning. Upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars 520-7500

### KVISTAVELLIR NÝBYGGING 145 FM 68,9 MILLJ.



Glæsilegt nýtt endaraðhús á einni hæð, skilast húsið fullbúið að utan sem innan. Hátt til lofts. Gert ráð fyrir halogen lýsingu í stofum. Traustur verktaki með áratugareynslu. Upplýsingar veitir Hlynur Halldórs. 698-2603

### KIRKJUELLIR FJÖLBÝLI 109 FM 45,4 MILLJ.



Glæsileg ný 4ra herb. íbúð með séringangi af svölum á 2. hæð í vönduðu þrjúgja hæða lyftuhúsi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Traustur byggingaraðili Fjarðarmót ehf. Upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars 520-7500

### HLÍÐARBRAUT EINBÝLI 183 FM 64,9 MILLJ.



Tvílyft einbýli á þessum eftirsóttasta stað í Suðurbæ Hfj. Innbyggður bílskúr. Góð eign. Upplýsingar veitir Hlynur Halldórs. 698-2603

### STEKKJARHVAMMUR RAÐHÚS 211 FM 68,5 MILLJ.



Gott fjölskylduhús á tveimur hæðum, vel staðsett. Innbyggður bílskúr. Stutt í skóla, sundlaug ofl. Upplýsingar veitir Hilmar Þór Bryde 892-9694

### GAUKSÁS RAÐHÚS 236 FM 74,9 MILLJ.



Fallegt vandað miðjuraðhús á góðum stað í Áslandinu. Stórkostlegt útsýni. Stutt í skóla. Frábær bílskúr. Lóð er ræktauð, hellulagt stórt bílapan með hita. Vönduð og góð eign. Upplýsingar veitir Helgi Jón Harðars. 893-2233

### ÁLFHÓLSVEGUR ENDARAÐHÚS 169 FM 61,9 MILLJ.



Tvílyft smekklegt endaraðhús á eftirsóttum stað miðsvæðis í Kópavogi. Auk þess er sólstofa, hún er ca 9 fm. Falleg og gróin lóð. Stutt í alla helstu þjónustu. Rúmgóður bílskúr. Upplýsingar veitir Hlynur Halldórs. 698-2603

### EFSTALAND FJÖLBÝLI 80 FM 39,9 MILLJ.



4ja herb. íbúð á þessum eftirsóttasta stað í Fossvoginum. Íbúðin er 80 fm fyrir utan geymslu sem er u.þ.b. 4 fm. Eignin er vel staðsett, íbúðin getur verið laus fljótlega. Upplýsingar veitir Hlynur Halldórs. 698-2603

### SKÓGARÁS EINBÝLI 302 FM 114,9 MILLJ.



Sérlega glæsilegt vandað einbýli með bílskúr, vel staðsett á glæsilegum útsýnisstað í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Fallegar innréttingar. Jaðarlóð við ósnortna náttúruna. Upplýsingar veitir Helgi Jón Harðars. 893-2233

### DRÁPUHLÍÐ 20 HÆÐ 118 FM 55,9 MILLJ.



Fín hæð vel staðsett í Hlíðarhverfinu í Rvík. Eign á eftirsóttum stað, eignin er mikið til í upprunalegu ástandi að innan. Eignin er laus við kaupsamning. Upplýsingar veitir Hlynur Halldórs. 698-2603



### Cedars hummus

Bráðhollur hágæða hummus

**399** kr/stk



### Sambazon Acai

Frosin Acai ber og berjablanda, næringarrík ofurfæða

**15%** afsláttur



### Yogi Te

Lífæren te fyrir líkama og sál



### Allos smyrjur

Frábært á hrökkbrauðið

**399** kr/pk  
Verð áður 499 kr/pk



### Leksands hrökkbrauð

Sænskt súrdeigs hrökkbrauð eins og það gerist best

**20%** afsláttur



### Sparkling Ice

Kolsýrt vatn aðeins 12 kaloriur

**159** kr/stk  
Verð áður 199 kr/stk



### Whole Earth

Smooth eða crunchy, án viðbættis sykurs

Tilboð gilda út 21. janúar



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni



# Meira hollt



## ProPud prótein ís

499 kr/stk

Verð áður 998 kr/stk



## Amino Energy

Tilboð 2 stk. að eigin vali

4.798 kr/2 stk

Verð áður 5.738 kr/2 stk



## Froosh

Ávextir í flösku

20% afsláttur



## Barebells próteinstykki

Tilboð 12 stk. í kassa

2.899 kr/ks

Verð áður 3.588 kr/ks

# HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga

# TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín,  
**Erna Halldórsdóttir**

Seyðisfirði,

lést mánudaginn 1. janúar síðastliðinn  
á Sjúkrahúsinu á Seyðisfirði.  
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey  
að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,  
**Hilmar Eyjólfsson**



Elskulegur sonur okkar,  
bróðir minn og barnabarn,  
**Ísak Breki Stefánsson**

Funafold 7, Reykjavík,

lést á heimili sínu  
laugardaginn 13. janúar.  
Útför fer fram frá Grafarvogskirkju,  
föstudaginn 26. janúar kl. 13.00.

**Stefán Þór Gunnarsson Elísa Rós Jónsdóttir**  
**Daniel Máni Stefánsson**  
ömmur og afar.

*Mærgævi, hlíja og virðing Við andlát ástvinar*

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is

**Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir**  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUT • REYNSLA

Kristín Ingólfssdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



„Maður verður að kynna aðstæðum fólks á öllum árstímum,“ segir Eva Pandora sem fer á íbúafundi í þremur landsfjórðungum í þessum mánuði. MYND/HRUND PÉTURSÐÓTTIR

## Ekta landsbyggðartúttu

Eva Pandora Baldursdóttir sem sat á þingi fyrir Pírata síðasta kjörtímabil er nýbyrjuð hjá Byggðastofnum. Það er ekki tilviljun að hún er á ferðinni þegar hún svarar síma.

Það er dálítill skorpa núna. Eitt þeirra verkefna sem ég er í heitir Brothættar byggðir og því fylgja ferðalög, íbúafundir og fleira slíkt,“ segir Eva Pandora Baldursdóttir hress. Hún tók nýlega við starfi sérfræðings á þróunarsviði Byggðastofnunar á Saudárkróki þar sem hún var valin úr 29 umsækjendum. Hún er einmitt á ferð um landið, enda hinar brothættu byggðir hver á sínu landshorni.

„Ég fer til Þingeyrar, Kirkjubæjarklausturs og Borgarfjarðar eystri núna með stuttu millibili. Það er ágætt að hoppa beint út í djúpu laugina og líka lærdómur að fara um landið á vetrardögum. Maður verður að kynna aðstæðum fólks á öllum árstímum.“

Eva Pandora sat á þingi síðasta kjörtímabil fyrir Pírata og kveðst þá hafa fylgst dálítið með dreifðum byggðum, enda átti hún meðal annars sæti í atvinnuveganefnd. „Þetta nýja starf á afskaplega vel við mig og ég féll inn í það á fyrsta degi. Svo fylgir því líka alþjóðlegt samstarf, Erasmus+ heitir það, þar

Um leið og ég keyri inn í borgina finn ég fyrir stressinu en þegar ég kem norður fer af mér byrði og streitan hverfur.

er verið að styrkja brothættar byggðir í fleiri löndum,“ upplýsir hún.

Þannig að veran á þinginu hefur verið viss þjálfun fyrir þetta starf? „Já, algerlega. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á stjórnsýslunni en þekkti hana aðallega úr akademísku námi áður en ég fór á þing. Ég er að ljúka diplómu í opinberri stjórnsýslu en á þingi fékk ég smá reynslu af henni sem var mjög gott, þó að tíminn væri ekki langur, bara tæpt ár. Ég fékk smjörþefinn.“

Eva Pandora er fædd og uppalin á Saudárkróki og býr þar. „Ég flutti suður til að fara í háskóla, var þar í nokkur ár og eitt ár erlendis en ég er ekta lands-

byggðartúttu.“ Hún kveðst heppin að höfuðstöðvar Byggðastofnunar skuli vera á Króknum.

„Það vantar svo víða á landsbyggðinni áhugaverð störf fyrir unga fólk. Ég held að marga langi að flytja aftur í heimabyggð en geta það ekki því þeir fá ekki störf við hæfi,“ segir hún. „Það sem nútímafólk kvartar undan er tíma-skortur, það vantar meiri tíma fyrir fjölskylduna og önnur áhugamál og hann fæst á landsbyggðinni, þar er sólarhringurinn drýgri. Fólk er kannski komið heim og búið að sækja börnin klukkan 16.20, jafnvel koma við í búðinni líka. Þá hefur það allt síðdegis fyrir sig. Svo eru streituvaldarnir færri á minni stöðum, ég hef samanburðinn, um leið og ég keyri inn í borgina finn ég fyrir stressinu en þegar ég kem norður fer af mér byrði og streitan hverfur. Mér finnst líka mikið öryggi í því að búa þar sem allir þekkja alla, samheldnin er svo verðmæt. Fólk sem er uppalid í borgum áttar sig ekki á þessu en ég mæli með að sem flestir prófi að búa á minni stöðum.“

gun@frettabladid.is

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Matthildur Bjarnadóttir, umsjón útfara

**Útfararþjónusta**  
& lögræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)

# Stund með Gunnari Kvaran og Hauki Guðlaugssyni

Þjóðin þekkir Gunnar Kvaran sem sellóleikara og þeir sem mæta í Dómkirkjuna á morgun klukkan 16 fá líka að kynna hugleiðingum hans um mál sem liggja honum á hjarta. Organistinn Haukur Guðlaugsson spilar með honum tónlist sem allir geta skilið.

Við köllum þetta stund með tali og tönnum,“ segir Gunnar Kvaran um viðburð í Dómkirkjunni á morgun, sunnudag, klukkan fjögur. Þar ætlar hann, ásamt Hauki Guðlaugssyni organista, að leika ljúfa tónlist milli þess sem hann talar um það sem hann kallar andleg málefni. Hvað skyldi felast í því?

„Þetta eru hugleiðingar um mál sem ég hugsá mikið um dagsdaglega,“ svarar hann og nefnir fyrsta umræðuefnið sem verður um hinn tæknivædda heim, kosti hans og galla. Annað fjallar um samskipti manna og varðveislu mennskunnar. „Svo tala ég um mátt manneskjunnar til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt,“ segir hann og heldur áfram: „Mér finnst allt-of fáir gera sér grein fyrir hvað þeir eru miklir áhrifavaldar. Með því er ég í raun að undirstrika hvað manneskjur eru dýr-mætar og því er svo mikilvægt að þeim takist að nýta líf sitt á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.“

**Mér finnst alltof fáir gera sér grein fyrir hvað þeir eru miklir áhrifavaldar.**

Máttur bænarinna er Gunnari líka ofarlega í huga. „Bænir sem beinast að einni manneskju, fjölskyldu eða heilli þjóð eru andlegt afl því þegar fólk biður frá hjartanu þá er það orka sem heldur áfram að vera til,“ segir Gunnar og bætir við að þeir Haukur organisti muni brjóta upp þessar hugleiðingar með fallettri tónlist sem allir geti skilið. „Við spilum verk eftir Bach, Pablo Casals og Schubert,“ lýsir Gunnar og segir um klukkustundar langa dagskrá að ræða í heildina.

Með stundinni í Dómkirkjunni kveðst Gunnar í raun vera að fara inn á nýjar brautir. „Ég hef auðvitað oft haldið tónleika þar sem ég segi frá tónlistinni og höfundum hennar en þarna er ég að blanda saman tónlist og öðrum hugðar-efnum. Þetta er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir. Dómkirkjan tók vel á móti mér þegar ég bar þessa hugmynd undir forráðamann þar og ef vel gengur á morgun er aldrei að vita nema framhald verði á.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Gunnar ætlar meðal annars að tala um mátt manneskjunnar til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt, í Dómkirkjunni á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Merkisatburðir

**1991** Skíðaskálinn í Hveradölum brennur.

**2009** Barack Obama tekur við embætti sem 44. forseti Bandaríkjanna.

**2009** Hörð mótmæli eiga sér stað við Alþingishúsið. Það er fyrsti dagur búsáhaldabyltingarinnar.

**2017** Donald Trump tekur við embætti sem 45. forseti Bandaríkjanna.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir,  
**Sigríður Hrólfsdóttir**

varð bráðkvödd í Frakklandi laugardaginn 6. janúar. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 26. janúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Gunnar Sverrisson**

**Haldór Árni Gunnarsson Þórunn Hanna Gunnarsd. Þóra Hrólfsdóttir**  
**Haldóra Hrólfsdóttir Sverrir Gunnarsson Lára Sverrisdóttir**  
**Sverrir Geir Gunnarsson, Haldóra Sveinbjörnsd. Tómas Kristjánsson Pétur S. Waldorff Sigríður H. Gunnarsdóttir Jón Höskuldsson**  
og aðrir aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,  
**Petrina Kristín Steindórsdóttir**

frá Bolungarvík, Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis á Nönnugötu 6,

lést á Landspítalanum þann 13. janúar. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 26. janúar kl. 14.00.

**Árni Andersen Rut Andersen Steindór I. Andersen Sigrúður Jóhannesdóttir Kristín G. Jóhannesdóttir Rósa Jóhannesdóttir**  
**Sigríður M. Jónsdóttir Þorsteinn Gunnarsson Hrefna Ársælsdóttir Ólafur Bragason Preben Hansen Helgi Zimsen**  
ömmubörn, langömmubörn og langlangömmubörn.




Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Hólmfríður Jóhannesdóttir**

frá Hofstöðum,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 12. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 26. janúar kl. 13.00.

**Ólafur Gíslason Jóhannes Gíslason Gunnhildur Gísladóttir**  
**Una Sigurðardóttir Elin María Ólafsdóttir Björn Rúnar Guðmundsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Garðar Sveinbjarnarson**

frá Ysta-Skála, Hlíðarhúsum 7, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 9. janúar. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 22. janúar kl. 11.

**Kjartan Garðarsson Guðbjörg Garðarsdóttir Anna Birna Garðarsdóttir Guðrún Þóra Garðarsdóttir Sigríður Garðarsdóttir**  
**Antonia Guðjónsdóttir Stefán Laxdal Aðalsteinsson Jón Ingvar Sveinbjörnsson Sigurjón Ársælsson Stefán Þór Pálsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar kærri,  
**Magnús Helgason**

Hjallaseli 55, Reykjavík, lést 25. desember 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Aðstandendur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Grétar L. Strange**  
rafvélavirkjameistari, Hjallaseli 25,

sem lést miðvikudaginn 10. janúar verður jarðsönginn frá Seljakirkju 23. janúar kl. 13.

**Edda Ásta Sigurðardóttir Strange**  
**Sigurður Strange Guðrún Strange Hannes Strange Grétar Strange**  
**Harpa Kristjánsdóttir Hilmar Snorrason Bryndis Björnsdóttir Guðbjörg Fanndal Torfadóttir**  
afabörn og langafabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

**Steingrímur Eiríksson**  
hæstaréttarlögmaður,

er látinn.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Harpa Sigríður Steingrímsdóttir Helga Ína Steingrímsdóttir María Ellen Steingrímsdóttir Lilja Eiríksdóttir Eva Eiríksdóttir Ditto**  
**Ólafur Karel Jónsson Bjarki Ólafsson Bragi Lindal Ólafsson Michael Ditto**  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sveinn Valdimarsson**

fyrirv. skipstjóri og útgerðarmaður frá Varmadal,

lést á Hraunbúðum í Vestmannaeyjum 16. janúar sl. Útför fer fram í Landakirkju laugardaginn 27. janúar nk. kl. 14.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Hollvínasamtök Hraunbúða, kt. 420317-0770, reikn. 0582-26-200200.

**Guðfinna Sveinsdóttir Margrét Sveinsdóttir**  
**Ásgeir Þorvaldsson Guðmundur Guðmundsson**  
barnabörn og langafabörn.




Ástkær sonur okkar, faðir og bróðir,  
**Björn Theodor Húnfjörð Björnsson**


lést á heimili sínu 17. janúar. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Emilia V. Húnfjörð Björn Heiðar Björnsson Theodor Heiðar Björnsson Magnús Páll Haraldsson**  
**Will Thornton Freyja Þorsteinsdóttir Dagur Húnfjörð Björnsson Lara Roje**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



## Lausnarorð síðustu viku var GRJÓNAGRAUTUR



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem strembið getur verið að leysa (11). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „20. janúar“.

\_\_\_\_\_



### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Fegurð er sár** eftir **Eka Kurniawan** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu krossgátu var **Stefán Vilhjálmsson, Akureyri**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

- LÁRÉTT**
- 1 Fituðum grey á þeirra þvengjum (9)
  - 11 Sagði upp starfi í mót-mælaskyni við skipan framleiðslu (12)
  - 12 Brjóskið er ónýtt en ég fæ samt hjálp (9)
  - 13 Vil að Óðinn upplýsi læri-sveina um sín mál (12)
  - 14 Norður í landi eða í sjónum norður af því? (11)
  - 15 Reyndar, nei; heldur í skerplu og sólmánuði (4)
  - 16 Það ku róstusamt í TT-9 (7)
  - 17 Hosubeðja leikur sér með heimagerðar handfigúrur (11)

- 23 Eignast það sem mest var átt við en einfaldast er (11)
- 28 Gera lítið úr tittum og tjörnum í minna lagi (8)
- 29 Dreifum fé og drullu-slettum (11)
- 31 Stefnir svaka drætti í voða (8)
- 32 Niður fylgir ferð þeirra af toppnum (11)
- 33 Sendlafjöl sundrast um suðræn björg (10)
- 34 Svona ummæli varpa ljósi á eðli og eiginleika hlutanna (11)
- 35 Barmar Elinar minna á matsvepp (10)

- 36 Miklar sómaskeljar og gómsæt úrvals sletta þótt rugluð sé (11)
- 38 Reykur nautna er ekki fyrir sundmenn heldur hina (6)
- 39 Þessi róttæka gersemi kallar á eðalmál (9)
- 41 Ringluð veimiltita vælir undan kvefi (5)
- 42 Burt með prufuna, inn með viðsýnina (7)

- LÓDRÉTT**
- 1 Dauði Kinakeisara og hálftrar þjóðar hans (8)
  - 2 Góð gefur fjáðum grið (8)
  - 3 Frumræða mín ber yfirskriftina „Sætisnúmer“ (8)
  - 4 Transar fara sem eldur um æðar (8)
  - 5 Prúttu við afkomanda um málminn sem herðir (8)
  - 6 Sá fræjum ótta við snjógras (9)
  - 7 Vaskur grefur undan toppum punts (9)
  - 8 Í hús með ungann og aflíð hans (7)
  - 9 Kem vallhumli til heilsu á

- ný (9)
- 10 Fin vefslóð á fjölskyldu-síðu frænku (9)
- 18 Sé fótalaus lindyr labba til rangala tíma og rúms (9)
- 19 Leita að minni upphalds-smurningu: Smábátaflotinu (13)
- 20 Eldaskálarnir sjá um útförina (12)
- 21 Frá heildargrjötbjörgunum sem skilja heimsálfurnar (13)
- 22 Feitu grósserarnir átu allar kúlur þorskrændanna (13)
- 24 Hvað er það sem sameign Reykvíkinga greiðir fyrir? (12)
- 25 Helstu krúsir allra helstu

- hrotta heims (9)
- 26 Vikabýið fylgir fast á hæla okkur inn um dyrnar (12)
- 27 Vinur Línu eltist við Jenna? (5)
- 30 Sjaldan miskunn sýnir þó/sá er minnsta finnur ró (10)
- 35 Keyr þú spora þinn í saurugt ræsi (5)
- 37 Alltumlykjandi hugarfar og rækt (4)
- 40 Preyta myndast er þau reyta (2)

**LÉTT**

	4			2	8		6	1
							2	5
9		3					7	8
7				8	2			6
		5	3				8	
	6			5	7			
8				4			9	
1								
	3	6		1				

**MIDLUNGS**

5			3	7				8
4			5	8	9			
		2	1					
	4			9			1	
9				2	1			6
1	5			8	7			
		9		4				7
					6	1		3
		6				9		

**PUNG**

6			7	5				
					8		1	
					3			
	9				7		2	8
2	6		4					
8			2					3
			3			7		5
4		1	6					9
		6		9		1		

7	1	3	9	2	5	8	6	4
2	6	5	7	4	8	3	9	1
8	9	4	3	6	1	5	7	2
9	4	6	5	7	3	1	2	8
5	2	8	1	9	6	4	3	7
1	3	7	2	8	4	9	5	6
6	5	9	8	1	7	2	4	3
3	7	1	4	5	2	6	8	9
4	8	2	6	3	9	7	1	5
6	2	4	7	8	1	3	9	5
5	7	8	3	9	2	1	4	6
3	9	1	5	4	6	7	2	8
7	3	6	4	1	9	5	8	2
8	1	9	2	3	5	4	6	7
2	4	5	6	7	8	9	3	1
4	5	7	8	6	3	2	1	9
9	6	3	1	2	7	8	5	4
1	8	2	9	5	4	6	7	3
6	9	3	2	7	4	8	1	5
8	7	5	3	9	1	6	2	4
1	2	4	5	6	8	3	7	9
5	8	6	7	2	3	9	4	1
9	3	1	6	4	5	7	8	2
2	4	7	8	1	9	5	6	3
7	6	9	4	3	2	1	5	8
3	5	2	1	8	7	4	9	6
4	1	8	9	5	6	2	3	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Benedikt Jónasson (2.248) átti leik gegn Degi Ragnarssyni (2.332) á Skákhátíð MótX. Svartur á leik 39... Dxd5! 40. Bc4 (40. Dxd5 Hb1+). 40... Db7 41. Bf1 Db1 42. Dc4 De1 43. Dxa6 Hb1 0-1. Stórmeistararnir Jóhann Hjartarson og Hjörvar Steinn Grétarsson eru efstir með fullt hús eftir 2 umferðir.

www.skak.is: Sjávarvikurmótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### GÓÐ SLEMMMA

Búið er að tilkynna val á opna landsliðinu sem keppir á Evrópumóttinu í sumar (9.-16. júní í Belgíu). Valin voru 3 pör. Eins og oft áður eru Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson eitt paranna. Hin þörin eru Aðalsteinn Jörgensen-Matthías G. Þorvaldsson og Ómar Olgeirsson-Ragnar Magnússon en Anton Haraldsson verður fyrirliði liðsins. Aðalsteinn hefur oftast undanfarin ár verið liðsmaður í opna landsliðinu, en Matthías, Ómar og Ragnar hafa minni reynslu. Þeir eru þó allir firmasterkir spilarar og með landsliðs-

reynslu. Aðalsteinn og Matthías hafa ekki oft verið spilarar, en verða eflaust sterkt par. Spil dagsins er gott dæmi um það. Það var spilað á 12 borðum í tvímenningskeppni hjá Bridgefélagi Reykjavíkur. Á 9 borðum var lokasamningurinn hjartageimur hjá NS. Á 2 borðum varð lokasamningurinn 3 grönd í NS. Aðalsteinn og Matthías sátu einnig í NS og sögðu sig alla leið upp í hjartaslemmu, eftir spaðasögn austurs. Suður var sagnhafi og fékk út einspilið í spaða. Norður var gjafari og allir á hættu:

**Norður**

- ♠ Á1097
- ♥ K85
- ♦ ÁKD8
- ♣ 108

**Vestur**

- ♠ 6
- ♥ 1096
- ♦ 9752
- ♣ G9542

**Austur**

- ♠ KG8542
- ♥ 4
- ♦ G104
- ♣ KD7

**Suður**

- ♠ D3
- ♥ ÁDG732
- ♦ 63
- ♣ Á63

Útspil vesturs var örugglega einspilið og því þurfti að beita vandvirkni í úrspilinu. Upp með spaðaás, taka trompin, gefa spaðaslag og samgængur til að fría spaðaslag með trompsvingingu sem negir til að henda tapslögum í laufi. Úrvinnslan vafðist ekki fyrir sagnhafa og slemman vannst.



# amira

- dekraðu við heimilið -

Húsgögn, ljós, handklæði,  
sængurföt, falleg gjafavara og  
**damask dúkar**  
(sem ekki þarf að strauja)

Verzlunin lokar

**50%**

**afsláttur**  
af öllum vörum

Opið mánud. - föstud. 11:00 - 18:00 og laugard. 12:00 - 16:00

**Amíra - Ármúla 23**


## KRAKKAR

# Konráð

285

## og félagar

### á ferð og flugi



„Petta er nú meira viðrinið,“ sagði Kata þegar hún sá dýradýrið sem var næsta þraut.

„Já, það skal nú viðurkennast að það er hálf skrytið,“ sagði Lísaloppa. „Það er varla hægt að ætlast til þess að maður þekki úr hvaða dýrum þetta dýradýr er sett saman,“ sagði Kata.

„En þraut er þraut,“ bætti hún við ákveðin, „og ef við ætlum að vinna þennan leik verðum við að leysa þessa þraut eins og allar aðrar þrautir.“ Lísaloppa horfði á þetta undarlega dýradýr og velti því fyrir sér hvort hún gæti leyst þessa þraut á undan Kötunni.



?

Sérð þú úr hvaða fimm dýrum þetta dýradýr er sett saman?

?

## Brandarar

Þjónninn: Jája, í dag er ég með steikta lifur, reyktu tungu, nýru í kássu og grísalappir.

Gesturinn: Ég var ekki að spyrja um heilsufar þitt.

Af hverju fer Lúlli laukur alltaf í ljós?  
Svo að hann verði ekki hvítlaukur.

Allir sem halda að þeir séu vitleysingar standi á fætur, sagði kennarinn við bekkinn. Eftir nokkra stund stóð einn nemandinn upp hægt og rólega. Heldurðu að þú sért vitleysingur? spurði kennarinn.

Hvað er líkt með fil og gíraffa?  
Þeir eru báðir gulir nema fillinn.



Lausn á gátunni

## Lagið



## Þorrapræll

Nú er frost á Fróni, frýs í æðum blóð, kveður kuldaljóð kári í jötunmóð. Yfir laxalóni liggur klakaþil. Hlær við hriðarbyl hamragil.

Mararbára blá brotnar þung og há unnarsteinum á yggld og grett á brá. Yfir aflatjóni æðrast skipstjórinn, harmar hlutinn sinn hásetinn.

Kristján Jónsson fjallaskáld

## Orðaskýringar

Frón = Ísland  
kári = stormur  
jötunmóður = brjálað skap  
klakaþil = sveil  
mararbára = alda á sjó  
unnarsteinar = steinar sem öldurnar brotna á – fjörugrjót

brá = auga – yfirbragð  
aflatjón = tapaður fiskafli  
æðrast = kvartar sáran  
harmar = sér eftir  
hlutur = partur af aflanum  
háseti = verkamaður á sjó



Orri er afskaplega frjór og hefur gaman af alls kyns sköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Smíðaði eftirlíkingu af Star Trek byssu

Orri Guðmundsson er líklega handlagarni en flestir jafnaldrar hans. Hann smíðaði nýverið eftirlíkingu af Star Trek byssu í smíðatíma í Háteigsskóla sem vakti mikla eftirtekt.

Hvað ertu gamall? „Ég er tólf ára.“

Uppáhaldskvikmyndin? „Psycho eftir Alfred Hitchcock.“

Í hvaða skóla gengur þú? „Háteigsskóla.“

Áttu mörg systkini? „Ég á einn eldri bróður, hann er þrettán ára og heitir Bjartur. Svo á ég litla systur sem heitir Tinna en hún verður fjögurra ára 23. febrúar.“

Uppáhaldfagið? „Smíði.“

Hvers vegna ákvaðstu að smíða þessa endurgerð? „Ég var búinn að vera að horfa á upprunalegu Star Trek þættina og langaði að búa til eftirlíkingu. Fannst það skemmtileg hugmynd.“

Og hvað fannst smíðakennarinum? „Hann var svolítið hissa.“

Hver eru helstu áhugamál þín? „Mér finnst gaman að búa eitthvað til í höndunum. Það getur verið að smíða, teikna, búa eitthvað til úr efnivið sem ég finn,“ segir Orri sem meira að segja tekst að búa til eitthvað frumlegt og skemmtilegt þegar hann bakaði piparkökur með fjölskyldunni fyrir jólin. Að minnsta kosti dettur ekki mörgum í hug að baka og mála piparkökuníf.

„Ég hef líka mikinn áhuga á kvikmyndagerð og langar til þess að verða kvikmyndaleikstjóri.“



Frumgerðin af byssunni.

Áttu mikið af græjum til að gera allt það sem þér finnst skemmtilegt? „Það væri fint að eiga meiri græjur. En ég nota samt það sem ég hef og finn til heima hjá mér. Það er alltaf hægt að finna eitthvað til dæmis í pappírsgámnum.“

Eru mamma þín og pabbi með þér í þessu? „Ég smíðaði hæniskofa með pabba mínum þegar við bjuggum niðri í miðbæ. Við gerum oft eitthvað saman.“

Er eitthvað fleira sem þér finnst skemmtilegt að gera? „Æfir þú til dæmis íþróttir? „Nei, ég æfi ekki íþróttir, ég hef ekki tíma fyrir það. En ég spila stundum tölvuleiki og í upphaldi núna er Battlefront.“

# OPIÐ LAUGARDAG 12-16

**-30%**  
af öllum  
stólum!

Áður 169.900  
Nú 118.930

Kírópraktorar  
á staðnum  
milli 13-15



Helga Björg Þórólfsdóttir



Guðmundur Freyr Pálsson

Helga og Guðmundur frá Kírópraktorstofu Íslands verða með ráðgjöf fyrir viðskiptavini Hirzlnnar varðandi val á stólum og leiðbeina fólki um vinnustellingar til að bæta heilsu stoðkerfis

KIRÓ  
PRAKTÖR  
STOFA  
ÍSLANDS

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

SIKRAÐJÁLFUN ÍSLANDS  
Elís Þór Rafnsson  
sjúkraþjálfari

KIRÓ  
PRAKTÖR  
STOFA  
ÍSLANDS


# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

wagner

EINU STÓLARNIR MEÐ




Dondola®

360°

VELTITÆKNI

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Róleg norðlæg átt í dag. Léttskýjað á sunnanverðu landinu og léttir einnig til austanlands. Snjókoma eða él fyrir norðan, einkum við ströndina. Frost víða 2 til 10 stig.

### Heimurinn



### Reykjavík




### Ísafjörður




### Akureyri



### Egilsstaðir




### Kirkjubæjarklaustur



### Pondus



### Geljan




### Barnalán



# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið eykur þjónustu sína.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum viðsvegar um landið:



FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.



# ALLIR Í FJALLIÐ

## SKÍÐAÐEILD ÚTILÍFS ER Í SMÁRALIND

FRÁBÆRT ÚRVAL • FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA • FULLKOMIÐ VERKSTÆÐI

**20%**  
AFSLÁTTUR AF  
SKÍÐAPÖKKUM



ROSSIGNOL



ARMADN

MADSHUS

NORDICA



FULL  
TILT

DRAKE

BLIZZARD



TECNICA

LEKI

LINE uvex

### ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI • SMÁRALIND

utilif.is

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



### Ágæti kvikmyndaframleiðandi og kvikmyndagerðarmaður.

Við skulum huga í sameiningu að langtímaröðveislu, skráningu og utanumhaldi kvikmyndaverka þinna svo framtíð þeirra sé tryggð.

Kvikmyndasafn Íslands sinnir lögbundnu hlutverki á sviði langtímaröðveislu allra tegunda útgefina íslenskra kvikmynda sem og samstarfsverkefna við erlenda starfsbræður.

Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur til að fá allar frekari upplýsingar um tilhögun skila. Kvikmyndasafnið er í Hafnarfirði á Hvaleyrarbraut 13 og símanúmerið er: 565 5993.

Við tökum vel á móti þér.

## GLAMOUR

ÍSLENSKT  
TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR  
HELSTU VERSLANIR



Vala Kristín Eiríksdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir í Skúmaskoti Sölku Guðmundsdóttur. MYND/GRÍMUR

## Neðanjarðarskop í Skeifunni

LEIKHÚS  
Skúmaskot  
★★★★★  
Borgarleikhúsið

**Höfundur:** Salka Guðmundsdóttir  
**Leikstjórn:** Gréta Kristín Ómarsdóttir  
**Leikarar:** Halldór Gylfason, Marianna Clara Lúthersdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir  
**Leikmynd og búningar:** Eva Signý Berger  
**Lýsing:** Julietta Louste  
**Leikgervi:** Margrét Benediktsdóttir  
**Tónlist:** Axel Ingi Árnason  
**Hljóð:** Ólafur Örn Thoroddsen

Í BESTU SENUM  
SÝNINGARINNAR  
SMELLUR ALLT SAMAN: TEXTI  
SÖLKU, FRAMMISTAÐA LEIK-  
HÓPSINS OG LEIKSTJÓRNIN.

saman frekar en að fá að njóta þess að leika heilar persónur.

Marianna Clara hefur úr miklum hæfileikum að spila og skilar iðulega sínu. Karakterinn Kristveig Kristel spennir út leiksýninguna, enda ágætlega skrifuð, með ofsa og geðshringingu. Í hvert skipti sem hún kemur á svið kippist sýningin við og fær nýjan blæ. Hlutverk af þessari tegund virðast auðveld í hennar höndum en slíkt er ekki á færi herrar sem er. Nú er kominn tími til að hún fái fjölbreyttari hlutverk.

Litla svið Borgarleikhússins er ekki auðveldasta leikhúsrýmið að eiga við enda sitja áhorfendur í eins konar hálfhring um sviðið sem liggur framarlega í salnum en er líka djúpt baka til. Gréta Kristín Ómarsdóttir er ný í sviðslistaheiminum, tiltölulega nýútskrifuð frá Listaháskóla Íslands. Mörgu skilar hún ágætlega, til dæmis þegar persónur verksins birtast upp úr ýmsum holum og hornum sviðsins. En ekki er endilega á færi nýliða að stjórna sýningu fyrir börn. Senuskiptingar taka oft of langan tíma, takturinn í sumum senunum er einnig of hægur og sviðið er ekki nægilega vel nýtt.

Sömuleiðis hefur Eva Signý Berger verið að byggja upp markverða vinnu á síðastliðnum misserum og prufa sig áfram í mismunandi stíl með ágætis árangri. Í þetta skipti tekst ekki nægilega vel til, enda miðsviðið ekki nægilega vel nýtt. Baksviðið er þó skemmtileg smíð og leynir aldeilis á sér.

Skúmaskot hefur margt gott að geyma. Í bestu senum sýningarinnar smellur allt saman: texti Sölku, frammistaða leikhópsins og leikstjórnin. Þessar stundir eru þó of sjaldan til að um smell sé að ræða en hressandi er að sjá nýtt íslenskt leikrit fyrir börn á öllum aldri, þá sérstaklega með sterkum ungum konum sem leiða ævintýrið.

Sigríður Jónsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Skoðin skopsmíð en gót á heildarmyndinni leynast of víða.

Markaðskönnun vegna innkaupa

## Tækjabúnaður fyrir borgarstjórnarsal

Reykjavíkurborg undirbýr innkaup á nýjum tækjabúnaði fyrir borgarstjórnarsal Ráðhússins. Um er að ræða tækja- og hugbúnað til stjórnunar funda borgarstjórnar, þ.m.t. rafræna atkvæðagreiðslu og viðverkerfi, mælendaskrá auk annars er tengist umsjón og útsendingu fundanna.

Hluti af undirbúningi fyrir innkaupin er að kalla eftir upplýsingum frá aðilum á markaði sem bjóða slík kerfi.

